



**SKOÐUN** Guðmundur Andri skrifar um möguleika og ómöguleika þjóðarinnar. **17**



**MENNING** Hvert er stefnt? Málþing um stefnu opinberu leikhúsanna. **22**



**LÍFID** Steindi leikur tilvondandi tengdason Sigga Sigurjóns í nýrri bíómynd. **38**



**SPORT** Haukar og Valur unnu bikarinn í handboltanum um helgina. **34**

**LANDMARK**

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 landmark.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

3. mars 2014  
52. tölublað 14. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

FRÉTTIR



**Sitja uppi með búseturéttinn**

Hópur fólks á Suðurnesjum og í Hveragerði undirbýr málshöfðun á hendur húsnæðissamvinnufélaginu Búmönnum. **10**

**Gætu skipt úr Fokker-vélunum**

Flugfélag Íslands skoðar flugvélar frá Bombardier Aerospace sem gætu komið í stað Fokker 50-véla félagsins. **2**

**Oscar Pistorius fyrir rétt**

Sérstök sjónvarpsstöð flytur allan sólarhringinn fréttir af réttarhöldunum yfir Oscar Pistorius sem hefjast í dag. **4**

**Konur staldra skemur við**

Nýliðun kvenna í sveitarstjórn er meiri en karla. Ástæðan talin staðnað umhverfi og færri tækifæri kvenna til valda. **6**



Bolungarvík	1°	☁	7	A
Akureyri	2°	☁	5	A
Egilsstaðir	2°	☁	4	NA
Kirkjubæjarkl.	5°	☁	6	NA
Reykjavík	6°	☁	6	A

**Hlýindi** víðast hvar á landinu í dag og verður hiti 0-7 stig. Fremur hæg austlæg átt, 3-10m/s. Úrkoma á köflum A- og NV-lands og síðan tekur að rigna SV-lands seinnihluta dags. **4**

**2 SÉRBLÖÐ**

Fasteignir | Fólk



## Um 41% styður stjórnarflokka

Stuðningur við Sjálfstæðisflokkinn hefur dalað um tæplega fjögur prósentustig á einum mánuði samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Stuðningur við Bjarta framtíð eykst en Samfylkingin tapar fylgi.

**KÖNNUN** Stuðningur við Sjálfstæðisflokkinn hefur minnkað úr 30,5 prósentum í 26,8 prósent á síðasta mánuði samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Um 13,9 prósent styðja Framsóknarflokkinn.

Samanlagt styðja því 40,7 prósent kjósenda stjórnarflokkana tvo. Yrðu niðurstöður kosninga í takt við þetta fengju þeir samtals 26 þingmenn, en eru með 38 þingmenn í dag. Til að halda þing-


meirihluta þyrftu þeir að hafa 32 þingmenn af 63, sex fleiri en þeir fengu yrði gengið til kosninga nú.

Sá stjórnarandstöðuflokkur sem tekur mest stökk síðasta mánuðinn er Björt framtíð. Flokkurinn mælist nú með stuðning 18,4 prósentu kjósenda. Það er tæplega fimm prósentustiga meiri stuðningur en fyrir mánuði. Stuðningur við Samfylkinguna dalar örlítið á sama tíma, og mælist fylgi þess-

ara tveggja flokka því næstum það sama í dag.

Stuðningur við aðra stjórnarandstöðuflokka eykst lítillega frá síðustu könnun. Um 11,3 prósent segjast myndu kjósa Vinstri græn yrði gengið til kosninga nú. Um 10,2 prósent styðja Pírata, og er það í fyrsta skipti sem fylgi þeirra rýfur tíu prósentu múrinn í könnunum Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

**FJÖLDI ÞINGMANNA**



- bj / sjá síðu 4

Heimild: Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 dagana 26. og 27. febrúar 2014



**Á AUSTURVELLI** Fimmsta daginn komu þúsundir manna saman fyrir framan Alþingishúsið til að mótmæla tillögu ríkisstjórnarinnar um slit viðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu, og krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Á laugardaginn fjölmenntu átta þúsund manns á Austurvöllum. Tæplega 44.000 manns, eða 18,1 prósent atkvæðisbærra manna, höfðu skrifað undir áskorun þessa efnis þegar blaðið fór í prentun í gærkvöldi.


FRÉTTABLAÐIÐ/FRÍÐRIK ÞÓR HALLDÓRSSON

## Vladímír Pútín samþykkti tillögur Angelu Merkel í símtali þeirra í gærkvöldi: ÖSE blandar sér í mál Úkraínu

**ÚKRAÍNA, AP** Vladímír Pútín Rússlandsforseti gekk að tillögu Angelu Merkel Þýskalandforseta um að koma á starfshópi sem safnaði saman staðreyndum og héldi utan um samskipti vegna málefna Úkraínu. Hópin leiði Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE.

Georg Streiter, talsmaður stjórnvalda í Þýskalandi, upplýsti að tillagan hefði verið lögð fram í símtali Merkel og Pútíns í gær. Í því sakaði Merkel Pútín um að brjóta alþjóðalög með „óásættanlegu inngrípi Rússa á Krímskaga“.

Eitt helsta verkefni vinnuhópsins, sem Frank-Walter Steinmeier utanríkisráðherra Þýskalands, kynnti í gær og í eiga að sitja fulltrúar átta helstu iðnríkanna (G8), er að koma af stað viðræðum milli



VLADÍMÍR PÚTÍN



ANGELA MERKEL

Rússlands og Úkraínu. „Þegar allt kemur til alls, þarf niðurstaðan að verða sú að rússneskir hermenn snúi aftur í skála sína,“ sagði Steinmeier. Hann nefndi ekki mögulegar refsiaðgerðir en áréttaði að deildar meiningar væru um framtíð Rússlands innan G8.

Staðan í samskiptum ríkjanna er mjög eldfim. Þannig lýsti í gær nýskipaður aðmiráll og flotaforingur

„Þegar allt kemur til alls, þarf niðurstaðan að verða sú að rússneskir hermenn snúi aftur í skála sína.“

Frank-Walter Steinmeier, utanríkisráðherra Þýskalands.

Úkraínu, Denis Beresovskí, yfir stuðningi við Krímskaga og Sergeí Akíjonov, leiðtoga svæðisins, sem hliðhollur er Rússum.

Beresovskí gaf út tilkynningu um að flotinn ætti ekki að hlýða skipunum sjálfskipaðrar ríkisstjórnar í Kænugarði. Hann hefur í kjölfarið verið kærður fyrir landráð.

Úkraína hefur sett allan herafla sinn í viðbragðsstöðu til að bregðast við aðgerðum Rússa á Krímskaga.

- óká, skó / sjá síðu 12

**2 dagar til öskunags**

**PARTÝBÚÐIÐ**  
ALLT FYRIR VEISLUNA  
Faxafeni 11 • Sími 534 0534  
Finndu okkur á

**Aukakílóin burt! á heilsusamlegan hátt**

**Kynningartilboð!**

natures aid  
**Raspberry Ketones ADVANCE**  
400mg  
with Green Tea  
60 CAPSULES

gengurveil.is



## SPURNING DAGSINS



Skafti, stendur þú fyrir bjórmottumars?

„Já reyndar, en bæði er ég mottulaus og drekk ekki bjór.“

Skafti Harðarson, formaður Samtaka skattgreiðenda, dreifði sérstökum bjórmottum á veitingastaði Reykjavíkur og nágrennis með skilaboðunum, skálaðu við skattinn.

## Fólki misbýður nálgun Sjálfstæðisflokksins að sögn fyrrverandi ráðherra: Segir frjálslynda yfirgefa flokkinn

**STJÓRNMÁL** Margir frjálslyndir yfirgefa Sjálfstæðisflokkinn í kjölfar tillögu ríkisstjórnar um að slíta viðræðum við Evrópusambandið og aðrir segjast ekki vilja leyfa „harðlínunni“ að taka yfir. Þetta sagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrum ráðherra Sjálfstæðisflokks, í þættinum Sunnudagsmorgunn með Gísla Marteini í gær.

„Ég held að fólki, og ekki síst frjálslynda fólki innan Sjálfstæðisflokksins, hafi algjörlega misboðið þessi nálgun því hún er ekkert í takt

við flokkinn okkar,“ sagði Þorgerður. Blaðið hefur heimildir um að allnokkrir hafi sagt sig úr flokknum síðustu daga.

Þórður Þórarinnsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, segist ómögulega geta gefið það upp hversu margir hafi skráð sig úr flokknum á undanförunum vikum.

„Það er meira um það en ef ekkert væri að gerast, en kannski ekki meira en búast má við þegar svona umdeild mál eru til umræðu,“ segir Þórður.



**hafi algjörlega misboðið þessi nálgun.**

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi ráðherra Sjálfstæðisflokks.

„Ég held að fólki, og ekki síst frjálslynda fólki innan Sjálfstæðisflokksins, hafi algjörlega misboðið þessi nálgun.“

## Lög um kynjaleiðréttingu: Óttast kynjaöngþveiti

**DANMÖRK** Borgaraflokkarnir í Danmörku óttast að fyrirhugað lagafrumvarp dönsku ríkisstjórnarinnar um auðveldari kynleiðréttingu muni skapa þriðja kynið.

Danska stjórnin leggur til að þeir einstaklingar sem finnast þeir vera í röngum líkama geti framvegis fengið nýja kennitölu og nýtt kyn í vegabréf og ökuskirteini án þess að fara fyrst í kynleiðréttingu eins og nú er kveðið á um. Borgaraflokkarnir óttast kynjaöngþveiti, að því er Politiken segir.



**LÖGÐU UNDIR SIG BORGINA** Hundruðum þúsunda saman þöktu strangtrúargyðingar götur og borgarinnar.

## Strangtrúargyðingar mótmæla á götum Jerúsalem: Sætta sig ekki við herskyldu

**ÍSRAEL, AP** Strangtrúaðir gyðingar komu saman á götum Jerúsalem-borgar í gær til að mótmæla áformum stjórnvalda um að skylda þá til að gegna herþjónustu.

Þeir lögðu nánast undir sig borgina, enda mældist fjöldi þeirra í hundruðum þúsunda. Loka þurfti götum og mannlíf allt lamaðist á meðan mótmælin stóðu yfir.

Til þessa hafa strangtrúargyðingar verið undanþegnir herskyldu í Ísrael. Þeir eru um átta prósent af hinum átta milljónum íbúa Ísraels. Þeim hefur verið hlíft við herskyldu svo að þeir geti sinnt guðfræðilegum rannsóknum. Margir komast einnig hjá því að stunda vinnu mest alla ævina, en fá í staðinn bætur frá ríkinu og geta þannig varið tíma sínum í rannsóknir.

## Grænlenka landsstjórnin: Eigin skrifstofa í Washington

**GRÆNLAND** Grænlenka landsstjórnin ætlar að opna eigin skrifstofu í Washington á þessu ári. Lýst hefur verið yfir að það sé gert í því skyni að efla viðskipti við Bandaríkin.

Kristilega dagblaðið í Danmörku hefur það eftir stjórnmála-skýrendum að formaður grænlenku landsstjórnarinnar, Aleqa Hammond, sé með þessu að senda skilaboð um að Grænland vilji standa á eigin fótum en stjórn utanríkismála Grænlands og Danmerkur er sameiginleg.



ALEQA HAMMOND

## Úrhellisrigning í Pompei: Fornminjar að hruni komnar

**ÍTALÍA, AP** Miklar rigningar á Ítalíu undanfarið hafa orðið til þess að fornminjar í Pompei eru byrjaðar að skemmast.

Í gær hrundi hluti steinveggs auk þess sem nokkrir steinar féllu úr Venusarhofinu.

Embættismenn á Ítalíu vilja nú grípa til aðgerða hið fyrsta til að bjarga rústum borgarinnar, sem grófst undir ösku þegar eldfjallið Vesúvíus gaus árið 79 eftir Krist, frá frekari skemmdum.

Á síðasta ári ákváðu ítölsk stjórnvöld að útnefna sérstakan fulltrúa sinn, sem átti að hafa eftirlit með því að styrkir frá ESB og Ítalíu til viðhalds og verndar Pompei væru notaðir eins og til er ætlast.

# Gætu skipt Fokker út fyrir stærri flugvélar

Flugfélag Íslands skoðar nú flugvélar frá Bombardier Aerospace sem gætu komið í stað Fokker 50-véla félagsins. Kaup á Bombardier-vélunum gæti fjölgað ferðum í millilandaflugi. Fokker-vélnar voru framleiddar á árunum 1991-1992.

**SAMGÖNGUR** Stjórnendur Flugfélags Íslands skoða nú hvort Fokker 50-vélum félagsins verði skipt út fyrir vélar frá kanadíska fyrirtækinu Bombardier Aerospace. Engin ákvörðun hefur verið tekin um kaup en koma kanadíska vélanna gæti fjölgað ferðum í millilandaflugi.

„Þetta hefur í rauninni alltaf legið fyrir og við erum að velta fyrir okkur hvenær eða hvort við munum skipta Fokker-vélunum út. Einhvern tímann kemur að því að vélarnar fara úr rekstri en þær voru framleiddar á árunum 1991-1992,“ segir Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands.

Félagið á fimm fimmtíu sæta Fokker 50-farþegavélar og tvær 37 sæta vélar af gerðinni Bombardier Q200. Bombardier-vélnar voru framleiddar árið 1996 en Flugfélag Íslands keypti þær árið 2012. Þær eru að sögn Árna hentugar til lendarar á stuttum flugbrautum og því kjörnar í áætlunarflug fyrirtækisins til Grænlands.

„Frá því við tókum inn þessar 37 sæta vélar hefur það alltaf legið fyrir að það væri skynsamlegt að horfa til stærri útgáfunnar af þessum Bombardier-vélum sem eru af gerðinni Q400, þar sem Fokkerinn er ekki framleiddur lengur,“ segir Árni.

Hann segir það einnig inni í myndinni að nota Fokker-vélnar áfram næstu fimm til tíu árin. Þær henta að hans sögn vel til innanlandsflugs því þær eyða tiltölulega litlu eldsneyti miðað við aldur. Kaup á Bombardier-vélunum gætu



FLUG Fokker-vélnar eru aðallega notaðar í innanlandsflug.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### → Flugvélnar tvær



Fokker 50

**Sæti:** 50  
**Flughraði:** 490 km/klst  
**Lengd:** 25 metrar  
**Vænghaf:** 29 metrar  
**Vegalengd:** 2.100 kílómetrar  
**Hámarkshæð:** 25.000 fet



Bombardier Q400

**Sæti:** 72-78  
**Flughraði:** 620 km/klst  
**Lengd:** 32,9 metrar  
**Vænghaf:** 28,4 metrar  
**Vegalengd:** 2.591 kílómetrar  
**Hámarkshæð:** 25.000 fet

hins vegar leitt til þess að fyrirtækið bjóði aftur upp á millilandaflug.

„Við erum fyrst og fremst að horfa á innanlandsmarkaðinn en auðvitað myndi þetta opna á ýmsa möguleika. Við höfum svo sem

áður flogið Fokkerunum til Norðs og Glasgow í áætlunarflugi en það eru reyndar um tuttugu ár síðan. Þessi Q400-vél er hraðflegari en Fokkerinn og því gætu opnast auknir möguleikar á millilandaflugi.“

haraldur@frettabladid.is



Kringlunni  
Sími 568 7777  
heyarnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



## Vagnar borgarinnar munu sumir hverjir skarta yfirvaraskeggi út mánuðinn: Strætó tekur þátt í Mottumars

**FÉLAGSMÁL** Átakið Mottumars hófst um helgina og má af því tilefni sjá strætisvagna á götum Reykjavíkurborgar skarta myndarlegu yfirvaraskeggi út mánuðinn. Þetta er hluti af nýju verkefni Strætó bs. sem felst í því að góðgerðarsamtök fá að kynna viðburði á sínum vegum á strætisvögnum.

„Mottumars er bara í gangi, það er ekkert flóknara en það,“ segir Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó, um gjörninginn. Auk yfirvaraskeggjanna segir hann að farþegar mega eiga von á því að vagnstjóri þeirra verði í búningi næstkomandi miðviku-dag, öskudag.

„Það eru einhverjir sem hafa lýst yfir þeim vilja að fá að vera í búningi,“ segir Reynir. „Við leyfum það.“



VEL SNYRTIR Um 30 vagnar á götum borgarinnar skarta nú yfirvaraskeggi.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



ÁNÆGDUSTU  
VIÐSKIPTA-  
VINIRNIR ERU  
HJÁ NOVA!

VELKOMIN  
Á STÆRSTA  
SKEMMTIÐSTAÐ  
Í HEIMI!



Við þökkum viðskiptavinum okkar fyrir frábæra einkunn í Íslensku ánægjuvuginni. Við fögnum fyrsta sætinu fimmta árið í röð, takk.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | Facebook | Twitter

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!

NOVA



SVONA ERUM VIÐ



**370** tegundir fugla hafa sést við Ísland.

Á listanum er ein útdauð tegund, ein á alþjóðlegum válista og ein tegund sem kom upp stofni á landinu vegna afskipta manna.

# Réttarhöld hefjast yfir suður-afrísku íþróttahetjunninu Oscar Pistorius sem banaði unnustu sinni: Segist hafa talið sig skjóta á innbrotspjóf

**PRETORÍA, AP** Réttarhöld hefjast yfir suður-afrísku spretthlauparanum Oscar Pistorius í dag. Pistorius er sakaður um morð á kærustu sinni, Reeve Steenkamp, en hún var skotin til bana á heimili hans aðfaranótt Valentínusardagsins í fyrra.

Pistorius viðurkennir að hafa banað Steenkamp, en segist hafa haldið að hún væri boðflenna á heimili hans. Hann heldur því fram að hann hafi hleypt af skambyssu sinni í gegnum salernishurð sína án þess að vita

hver væri hinum megin við hurðina.

Sérfræðingar segja að hlauparinn gæti vegna þessa hlotið dóm fyrir manndráp þó svo fari að hann verði ekki sakfelldur fyrir morð. Suður-afrísk lög túlki það ekki sem slys að skotið sé í gegnum lokaða hurð.

Pistorius hlaut heimsfrægð fyrir afrek sín í íþróttum en hann tók þátt í Ólympíuleikunum árið 2012 þrátt fyrir að báðir fætur hans væru fjarlægðir þegar hann var barn.



**HRYGGUR** Pistorius er sakaður um að hafa skotið Steenkamp í kjölfar rifrildis þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

→ Réttarhöld í beinni

Í gær fór í loftið í Suður-Afríku ný sjónvarpsstöð sem mun sýna frá og fjalla um réttarhöldin yfir Pistorius 24 tíma á sólarhring.

Stöðin kallast á frummálinu „The Oscar Pistorius Trial – A Carte Blanche Channel“ og er á vegum kapalstöðvafyrirtækis sem hefur komið fyrir þremur myndavélum í dómsalnum í Pretoríu.

Málið hefur vakið athygli á heimsvísu og hefur af mörgum verið líkt við mál O.J. Simpsons.

# Jafn margir segjast núna styðja Bjarta framtíð og Samfylkinguna

Stuðningur við Bjarta framtíð hefur aukist verulega undanfarið á meðan dregur úr fylgi Samfylkingarinnar. Fylgi Sjálfstæðisflokksins er komið aftur niður í kjölfylgi flokksins og Framsókn er í kunnuglegum fylgistölum. Núna myndi flokkurinn tapa yfir helmingi þingmanna.

**KÖNNUN** Björt framtíð og Samfylkingin mælast nú með nær sama fylgi á landsvísu samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Báðir flokkarnir mælast með stuðning um 18 prósentu kjósenda, en stuðningur við Bjarta framtíð mælist á uppleið á meðan fylgi Samfylkingarinnar hefur dalað undanfarið.

Alls myndu 18,4 prósent kjósenda merkja við A fyrir Bjarta framtíð yrði gengið til kosninga nú samkvæmt könnuninni. Stuðningur við flokkinn hefur tekið kipp frá síðustu könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2, en hann mældist 13,5 prósent í lok janúar. Kjölfylgi Bjartrar framtíðar í síðustu kosningum var 8,2 prósent og hefur fylgið því meira en tvöfaldast síðan.

Kæmi þetta fylgi upp úr kjörkössunum tvöfaldaðist fjöldi þingmanna Bjartrar framtíðar og færi í 12, en flokkurinn er með sex þingmenn í dag.

Samfylkingin er á sama róli þegar kemur að fylgi, en sækir ekki í sig veðrið nema síður sé. Flokkurinn mælist með um 18 prósentu stuðning í könnuninni, en 20,2 prósent í lok janúar.

Fylgið er engu að síður vel yfir 12,9 prósentu kjölfylginu, og myndi skila flokknum 12 þingmennum, en samfylkingarþingmennirnir eru nú í dag.

Sjálfstæðisflokkurinn mælist enn stærsti flokkurinn, með 26,8 prósentu fylgi, nær sama fylgi og kom upp úr kjörkössunum í síðustu kosningum. Fylgi flokksins hefur

minnkað talsvert á síðasta mánuði, en 30,5 prósent sögðust styðja flokkinn í lok janúar.

Flokkurinn myndi tapa tveimur þingsætum yrði þetta niðurstaða kosninga, og fá 17 þingmenn kjörna.

Fylgi hins stjórnarflokksins, Framsóknarflokksins, er komið á kunnuglegar slóðir. Um 13,9 prósent styðja flokkinn nú, og hefur hann tapað meira en tíu prósentu stigum frá kosningum, þegar 24,4 prósent greiddu honum atkvæði sitt. Fylgi Framsóknar er nú nærri því sem það var í frá árinu 2009 út árið 2012.


Framsókn myndi tapa meira en helmingi þingmanna sinna ef kosið yrði nú, samkvæmt könnuninni, fengi nú menn kjörna en er með 19 í dag.

Litlar breytingar mælast á fylgi Vinstri grænna. Um 11,3 prósent myndu kjósa flokkinn í dag samkvæmt könnuninni, heldur fleiri en í síðasta mánuði, en fylgið er aðeins örlitlu hærra en kjölfylgið eftir fjögur erfið ár í ríkisstjórn. Flokkurinn er með sjö þingmenn og myndi halda þeim í kosningum í dag samkvæmt könnuninni.

Stuðningur við Pírata mælist nú í fyrsta skipti með tveggja stafa tölu. Alls segjast 10,2 prósent myndu kjósa Pírata yrði gengið til kosninga nú, en 9,2 prósent voru sömu skoðunar í síðasta mánuði. Píratar hafa samkvæmt þessu tvöfaldað 5,1 prósentu kjölfylgi sitt og fengju sex þingmenn í stað þriggja nú yrði gengið til kosninga í dag.

brjann@frettabladid.is

STUÐNINGUR VIÐ STJÓRN MÁLAFLOKKA




Heimild: Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 dagana 26. og 27. febrúar 2014

Aðferðafræðin

Hringt var í 1.309 manns þar til náðist í 805 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 26. og 27. febrúar. Svarhlutfallið var 61,5 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til þingkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var spurt Er líklegur að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eða einhvern annan flokk? Það er gert í samræmi við aðferðafræði sem þróuð var á Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Alls tóku 65,5 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar.

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



**BÆTIR Í ÚRKOMU MEÐ KVÖLDINU** fyrst SV-lands en síðar á öllu landinu. Búast má við smáskúr fyrir austan í dag, eljum eða slyddu á Vestfjörðum en annars úrkomuminna. Hiiti verður frá 0-7 stig, hlýjast syðst. Það kólnar svo næstu daga.

Alicante 19°	Billund 8°	Gautaborg 7°	London 9°	Orlando 27°	San Francisco 15°
Basel 9°	Frankfurt 10°	Kaupmannahöfn 7°	Mallorca 13°	Oslo 3°	Stokkhólmur 5°
Berlín 12°	Friedrichshafen 7°	Las Palmas 19°	New York -2°	París 11°	

**Miðvikudagur**  
Hvessir úr suðvestri, 10-20m/s.

**Vordís Eiríksdóttir**  
veðurfréttamaður

**ANDLITS-MÁLNING OG GRÍMUR Í MIKLU ÚRVALI**

**A4**

A4 Skeifunni 17 / A4 Smáratorgi 1 / A4 Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði  
A4 Dalsbraut 1, Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi



# TAXA



## SÍÐASTI DAGUR!

# FREE

# AF ÖLLUM VÖRUM Í ÖLLUM BÚÐUM



AFNEMUM  
VIRÐISAUKASKATT  
AF ÖLLUM VÖRUM.  
TAX FREE TILBOÐ  
JAFNGILDIR **20.32%**  
AFSLÆTTI. AFSLÁTT-  
URINN ER Á KOSTNAÐ  
RÚMFATALAGERSINS.  
VIRÐISAUKA ER AÐ  
SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ  
TIL RÍKISSJÓÐS.



## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvers lenskur er gítarleikarinn Tommy Emmanuel sem kemur fram á tónleikum í Háskólabíói 8. mars?  
2. Hversu mörg prósent þjóðarinnar vilja halda aðildarviðræðum við ESB áfram, samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöð 2?  
3. Hversu mikla fjárhæð hyggst stjórn HB Granda greiða hluthöfum sínum í að fyrir árið 2013?

SVÖR:  
erða króna.

1. Ástæðislegur 2. 64,1 prósent. 3. 2,2 milljarðir.

## Árni Sigfússon leiðir listann: Öruggur sigur

**KOSNINGAR** Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, leiðir þar lista sjálfstæðismanna í vor.

Lokatölur úr prófkjöri flokksins liggja nú fyrir en Árni hlaut 959 atkvæði í fyrsta sætið sem svarar til um 66 prósentu atkvæða. Gunnar Þórarinnsson, sem stefndi á 1. til 2. sætið, endaði í því fimmta með 655 atkvæði.



ÁRNI SIGFÚSSON

## Prófkjörið

Sæti	Atkvæði alls
1. Árni Sigfússon	1.115
2. Böðvar Jónsson	763
3. Magnea Guðmundsdóttir	960
4. Baldur Guðmundsson	737
5. Gunnar Þórarinnsson	655
6. Björk Þorsteinsdóttir	721
7. Einar Magnússon	742

## ÁRÉTTING

Við vinnslu á frétt um undirskriftasafnanir fyrir helgi vantaði einhverjar safnanir sem farið hafa fram á síðustu árum. Til dæmis afhentu Hagsmunasamtök heimilanna 33.525 undirskriftir þar sem krafist var leiðréttinga á lánnum heimilanna og afnáms verðtryggingar í október 2011. Þá skrifuðu ríflega 45 þúsund undir mótmæli við Fljótsdalsvirkjun árið 2000.

## LEIÐRÉTT

Í samantekt um feril baráttukonunnar Hildar Lilliendahl í helgarblaði Fréttablaðsins var rangt farið með nafn Hönnu Bjargar Vilhjálmsdóttur, en hún var í nóvember 2012, ásamt Hildi, heiðruð af UN Women fyrir framlag í baráttu gegn kynbundnu ofbeldi.

Þá var rangt farið með tölur um stuðning meðal kjósenda Vinstri grænna og Pirata við að slíta aðildarviðræðum við ESB í frétt um niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 í helgarblaði Fréttablaðsins. Réttar tölur komu fram í texta fréttarinnar.

Mikið var að gera í bakaríum landsins um helgina vegna bolludagsins:

## Tugþúsundir renna ofan í fólk

**FÓLK** Bolludagurinn er í dag og hópuðust því margir út í bakarí um helgina til að verða sér úti um gömsætar vatnsdeigsbollur.

„Dagurinn í dag hefur verið mjög góður. Við byrjuðum að baka klukkan tvö í nótt. Svo erum við í smá hléi núna en byrjum aftur klukkan 11 í kvöld til að eiga nóg á morgun,“ sagði bakameistarinn Óttar Sveinsson í Bakameistararunum í gær. „Þetta eru um 50 þúsund bollur sem við erum að baka og selja þessa daga í kringum bolludaginn.“ Óttar segir vatnsdeigsbollurnar vinsælli en gerbollurnar.

Bolluát og flengingar hafa fyrir löngu fest sig í sessi á mánudeginum fyrir lönguföstu, en síðurinn er talinn hafa borist til Íslands frá Danmörku og Noregi. - bá, bb



UNDIRBÚNINGUR Ásdís Karen og Helena Björk í Bakameistararunum með sýnishorn af góðgætinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Reykdal Máni skírður í gær:

## Þriggja ára baráttu lokið

**STJÓRNSÝSLA** Eftir að úrskurði mannanafnanefndar var hrundið var Reykdal Máni Magnússon skírður í Selfosskirkju í gær.

Reykdal Máni og fjölskylda hans vann mál gegn íslenska ríkinu og fékk úrskurði mannanafnanefndar hnekkt, en nefndin taldi að eigin nafnið Reykdal bryti í bága við íslenskt málkerfi. Margir hafa þó borið nafnið í gegnum tíðina, svo sem afi Reykdals Mána, Reykdal Magnússon á Selfossi. - bp / glp

## Konur staldra skemur við

Nýliðun kvenna í sveitarstjórnnum er meiri en karla. Ástæðan er talin vera staðnað vinnuumhverfi og færri tækifæri kvenna til valda. Þvert á flokka eru konur sammála um að breyta þurfi kerfinu. Konur eru í þriðjungu oddvitasæta þeirra framboðslista sem fram eru komnar fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor.

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Konur í sveitarstjórnnum staldra styttra við í embætti heldur en karlar. Talið er að það orsakist af ákveðnum hindrunum í pólitísku starfi sem virki letjandi. Þá hefur fjölskylduábyrgð mikil áhrif.

„Ég hef haft samband við stjórnmalakonur sem hætta nú í vor og þar kemur ítrekað fram að ekki ríkir jafnrétti heima fyrir. Konur axla meiri ábyrgð á heimilinu, en það hefur líka áhrif að stjórnmalakerfið er íhaldsamt,“ segir Bergljót Þrastardóttir, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu.

Í dag halda RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands og Jafnréttisstofa málling um þátttöku kvenna í sveitarstjórnnum. Hlutfall nýkjörinna fulltrúa er hærra meðal kvenna. Hlutfallið fór lækkandi fram til ársins 1994, en stóð í stað hjá körlum. Frá þeim tíma hefur hlutfall nýkjörinna hækkad meðal beggja kynja. Á síðasta kjörtímabili voru 65 prósent kvenfulltrúa nýkjörin, en 52 prósent karlfulltrúa.

Bergljót hefur rannsakað stöðu og viðhorf kvenna í sveitarstjórnnum. „Þegar rannsóknir frá árunum 2012 og 1990 eru bornar saman, sést að hlutfall kvenna hefur vissulega breyst. Konum hefur fjölgað úr 22 prósentum í 40 prósent. Aftur á móti eru viðhorf til vinnumeningar á sveitarstjórnarstiginu sláandi lík og sömu hindranir virðast ríkjandi,“ segir Bergljót.

Stjórnmalastörf kynjanna reynast ólík eftir að kosningum sleppir. Konur taka frekar að sér málaflökka sem tengjast velferðar- og menntamálum, en karlar sinna frekar valdamæiri stöðum á sviði skipulags- og fjármála.

Bergljót segir konur oft telja sig hafa komist að vegna utanaðkomandi þrýstings um aukinn sýnileika kvenna. „Þannig upplifa þær sig sem táknu um að stjórnmalaflokkar aðhyllist jöfn tækifæri kynjanna í stjórnmalum, frekar en að flokkurinn treysti þeim fyrir völdum innan flokksins,“ segir Bergljót.

Bergljót segir það hafa komið á óvart að þvert á flokka hafi konur verið sammála um að endurskoða þyrfti kerfið með tilliti til sveigjanleika, vinnuálags, lýðræðislegra starfshátta, gagnsæis og meiri samvinnu.

eva@frettabladid.is



SVEITARSTJÓRNARKONUR Á síðasta kjörtímabili voru 65 prósent kvenna nýkjörin, en 52 prósent karla.

## Konur í þriðjungu oddvitasæta



RÓSA ERLINGSDÓTTIR

Lausleg athugun Fréttablaðsins leiddi í ljós að nú liggja fyrir efstu sæti 21 framboðslista til sveitarstjórnarkosninganna í vor, flestra á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2010 buðu í heild 185 listar fram um land allt, þar af 40 á höfuðborgarsvæðinu. Ef lítið er til fyrstu fimm sæta þeirra framboðslista sem fram eru komnar má sjá að hlutfall kynjanna er jafnt. Aftur á móti er hlutfall kvenna í fyrsta sæti einungis 33 prósent, en hlutfall kvenna í öðru sæti er 52 prósent. Til samanburðar voru konur í 25 prósentum tilvika í fyrsta sæti árið 2010 og í 62 prósentum tilvika í öðru sæti.

Rósa Erlingsdóttir, doktorsnemi í stjórnmalafraeði, segir allar kenningar sem fjalla um stjórnmalapátttöku kvenna beina sjónum að framboðsaðferðum stjórnmalaflokka. „Það eru stjórnmalaflokkarnir sem hafa forræði yfir framboðsmálum og hafa þannig úrslitavald um þátttöku kvenna,“ segir hún. Rósa segir vandann meðal annars fólgin í minni þátttöku kvenna heldur en karla í prófkjörum, en konur eru 35–40 prósent framboðenda og hefur hlutfall þeirra ekki hækkad frá árinu 1999. „Þær bjóða sig síður fram í forystusæti og veljast síður til forystusætis í prófkjörum,“ bendir Rósa á. Í rannsókn hennar hefur komið í ljós að kostnaðurinn við framboð og tengslanet framboðenda eru þættir sem skipta konur miklu máli.

## → Orð stjórnmalakonu

„Stjórnmalin endurspegla algjörlega kynjað valdakerfi samfélagsins og við konur erum náttúrulega að stíga fyrstu skrefin í kerfi sem er algjörlega hugsað fyrir, byggt upp af körlum og fyrir karla ... Þess vegna erum við oft í vörn, of hikandi, of tillitssamar og stundum meðvirkar með karllægu valdi.“

Tilvitnun í stjórnmalakonu úr rannsókn Rósu Erlingsdóttur, doktorsnema í stjórnmalafraeði

**weber**

# Hágæða flotefni í Múrbúðinni



Weberfloor 4150 flotefni 4-30mm  
**2.495**



Weberfloor 4160 Hraðboraandi flotefni 2-30mm  
**3.795**



Weberfloor 4310 Trefjastyrkt flotefni 5-50mm  
**2.795**



Weberfloor 4630 Durolit iðnaðar & útiflot  
**5.690**



Weberfloor 4350 Flotefni fyrir 20-80 mm  
**2.190**



Deka Acryl grunur 1kg **1.225** 5kg **4.590**

Munið 5% Pallaafsláttinn  
Leitið tilboða í meira magn.

**MÚRBÚÐARVERÐ**

Látið fagmenn vinna verkin!

Reykjavík Kletthálsi 7. Opið má-fó kl. 8-18, laug. 10-16  
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið má-fó kl. 8-18



**MÚRBÚÐIN**

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!





# Takk fyrir!

## Ánægð og stolt

Íslandsbanki leggur mikla áherslu á að bjóða góða þjónustu. Það gleður okkur að viðskiptavinir bankans gáfu Íslandsbanka hæstu einkunn á bankamarkaði samkvæmt Íslensku ánægjuvuginni.

Við erum stolt af þessari niðurstöðu og staðráðin í að halda áfram að veita fyrsta flokks þjónustu.

**Við þökkum viðskiptavinum ánægjulegt samstarf!**



Við bjóðum  
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

  
Íslandsbanki



Meirihluti landsmanna vantreystir formönnum ríkisstjórnarflokka samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2:

# Um fimmti hver treystir Sigmundi Davíð og Bjarna

**KÖNNUN** Rúmlega fimmti hver kjóandi segist bera mjög eða frekar mikið traust til Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra og Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Alls sögðust 21,3 prósent bera mjög eða frekar mikið traust til Sigmundar Davíðs, 19,3 prósent voru hlutlaus og 59,4 prósent sögðust bera mjög eða frekar lítið traust til hans.

Um 84 prósent stuðningsmanna Framsóknarflokksins treystu Sig-

mundi mjög eða frekar vel, en 45,7 prósent stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins. Traust á Sigmundi var mun minna meðal stuðningsmanna annarra flokka.


Um 22,5 prósent sögðust bera mjög eða frekar mikið traust til Bjarna og 16,3 prósent voru hlutlaus. Þá sögðust 61,2 prósent bera mjög eða frekar lítið traust til Bjarna.

Um 64,1 prósent stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins sagðist treysta Bjarna mjög eða frekar mikið. Meðal stuðningsfólks Fram-


sóknarflokksins voru 55,2 prósent sömu skoðunar. Traust í garð Bjarna mældist varla meðal stuðningsmanna annarra flokka.

Hringt var í 1.309 manns þar til náðist í 805 manns samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 26. og 27. febrúar. Svarhlutfallið var 61,5 prósent. Spurt var: Hversu mikið traust berð þú til Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra? Spurt var á sama hátt um Bjarna Benediktsson fjármálaráðherra. Alls tóku 96,8 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurninganna.

→ Hversu mikið traust berð þú til Sigmundar Davíðs?



→ Hversu mikið traust berð þú til Bjarna Benediktssonar?



Heimild: Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 dagana 26. og 27. febrúar 2014

# Loksins á Íslandi!

## Nicotinell með Spearmint bragði

- auðveldar þér að hætta reykingum

**NÝTT**

Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Nicotinell Spearmint 2 mg og 4 mg lyfjatyggigúmmi. Inniheldur nikótín. Ábendingar: Til meðferðar á tobaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhrarfeinkennum og það auðveldar þér að hætta að reykja, að hætta og auðveldar þér að hætta reykningu, eða eru tregir til þess, að draga úr reykningu. Skammtar fyrir fulloröna 18 ára og eldri: Skammta skal akvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Mælt er með 4 mg lyfjatyggigúmmi fyrir einstaklinga með mikla nikótínþörf og fyrir þá sem ekki hefur tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmis. Ef þú reyrkir fleiri en 30 sigarettur/sólarhring má miða við notkun 4 mg, 20-30 sigarettur/sólarhring er miðað við 2 eða 4 mg eftir þörf en ef reykert er minna en 20 sigarettur á sólarhring er æskilegt að nota 2 mg. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtisins (4 mg lyfjatyggigúmmi), skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggja skal eitt stk við reykningabörð þar til finnst sterkt bragð. Þá skal láta það hvíla milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mín. Venjuleg notkun er 8-12 stk, þó ekki fleiri en 15 stk af 4 mg og 25 stk af 2 mg lyfjatyggigúmmi á sólarhring. Meðferðarlengd er einstaklingsbundin en skal í flestum tilfellum standa í a.m.k. 3 mánuði, skal þá draga smám saman úr notkun lyfjatyggigúmmisins. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 lyfjatyggigúmmi á sólarhring. Venjulega er ekki mælt með notkun lyfjatyggigúmmis lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, getu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afþengis lyfjatyggigúmmi þar sem reykningabörð getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur auknið líkurnar á því að reykningafólk hætti að reykja. Nota má lyfið til að lengja reyklaus tímabil og draga þannig úr reykningu. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sigarettar á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reidubúinn til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykningu eftir 9 mánaða meðferð. Frábendingar: Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnaða, reykleysi. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjatyggigúmmi ef þú ert á viðhorfi eða ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, ef hán blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkjan skjaldfirli/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi eða ef þú ert yngri en 18 ára. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmi er ráðlagt að nota önnur lyfjaform nikótínlyfja. Sjúklingar með argengt fruktósaþöpl skulu ekki nota lyfið. Athuga ber að lyfið inniheldur natríum og butýlhýdroxytóluen (E321). Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarlýðningu í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfishafi: Novartis Consumer Health S.A. Umbod á Íslandi: Artisan ehf., Suðurlánda 12a, 210 Garðabæ

## RANNSÓKNIR GERÐAR Á ÁTTA FJÖLSÓTTUM FERÐAMANNASTÖÐUM



# Rannsaka þolmörk ferðamannastaða

Polmörk átta vinsælla ferðamannastaða verða könnuð í nýrri rannsókn til tveggja ára. Staðina sækir yfir ein og hálf milljón ferðamanna á ári hverju.

**RANNSÓKNIR** Ferðamálastofa hefur samið við Háskóla Íslands um framkvæmd þolmarkarannsóknar á átta vinsælum ferðamannastaðum á Suður- og Vesturlandi. Árlega heim-sækja yfir 1,5 milljónir gesta þessa átta staði, án þess að innviðir þeirra þoli álagið.

Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent í ferðamálafræði við líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, mun annast rannsóknirnar sem hún hefur um árabíl talað fyrir.

Spurð um val þeirra átta ferðamannastaða sem um ræðir, en þeir eru allir á Suður- og Vesturlandi, segir Anna Dóra að álagið sé mest á þessu svæði og eðlilegt að hefjast handa þar.

„Það er þarna sem menn hafa áhyggjur af að fjöldinn sé að nálgast hættumörk. Til að ganga úr skugga um það þá er þetta fyrsta verk. Það eru síðan aðrir staðir sem í framhaldinu þarf að rannsaka með sama hætti,“ segir Anna Dóra og nefnir

að þolmarkarannsóknirnar nái yfir allar árstíðir. „Það var orðið mjög tímabært að skoða vetrarferðamennskuna, því við vitum afskaplega lítið um hana.“

Polmörk ferðamennsku eru meðal þeirra rannsókna sem ferðaþjónustan hefur mjög kallað eftir, enda ljóst að álag á sum svæði hefur aukist verulega samfara stöðugri fjölgun ferðamanna. Án þolmarkarannsóknar er hins vegar erfitt að byggja upp og skipuleggja ferðaþjónustu á hverjum stað til að sporna við neikvæðum áhrifum. Ferðamálastofa metur því afar brýnt að fara í þessar rannsóknir sem fyrst, en niðurstöðu er að vænta í árslok 2015.

En hefði ekki þurft að ganga hraðar til verks en núna er áætlað og á fleiri stöðum? Setja í rannsóknirnar mun meira fjármagn, enda fái ferðaþjónustan aðeins eitt prósent af opinberu rannsóknafé sem ferðaþjónustan hefur mjög gagnrýnt.

Anna Dóra segir, án þess að taka

„Það er þarna sem menn hafa áhyggjur af að fjöldinn sé að nálgast hættumörk.“

Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent við Háskóla Íslands

sérstaklega tillit til styrkjakerfis atvinnuvegarannsóknar, að rannsóknin nú muni fara langt með að kortleggja álag og þolmörk ferðamannastaða á Suður- og Vesturlandi. Það markast af því að rannsókn á einum stað gefur miklar upplýsingar um aðra ferðamannastaði í næsta nágrenni. „Ég tel því ekki þörf á rannsókn á hverjum einasta vinsæla ferðamannastað heldur að rannsaka einkennandi staði í hverjum landshluta sem fyrsta skref.“

svavar@frettabladid.is

## Dýrasta skip Íslandssögunnar sjósett í Tyrklandi um helgina: Sérhannað fyrir erfiðar aðstæður

**VIÐSKIPTI** Polarsýssel, nýtt skip Fánis OffShore, var sjósett í skipasmíðastöðinni í Cemre í Tyrklandi um helgina. Skipið er 89 metra langt og 18 metra breitt. Það fer nú í Hayvard-skipasmíðastöðina í Noregi þar sem það verður fullbúið.

Skipið er sérútbúið til að þjónusta olíuádrátt og norðurhófum, ekki síst til birgðaflutninga til og

frá olíuborþöllum. Á því er þyrlupallur og 850 fermetra þilfar. Það er talið vera dýrasta skip Íslandssögunnar, en reiknað er með að smíði þess kosti 7,3 milljarða króna.

Fyrsta verkefni skipsins verður að leysa af hólmi varðskipið Tý, sem Fánir tók á leigu, við gæslu- og björgunarstörf við Svalbarða.



**STÆLTUR SKROKKUR** Búið er að sjósetja skipið Polarsýssel, sem er í eigu íslenska fyrirtækisins Fánis Offshore. MYND/FÁNIR OFFSHORE

- glp, sój






TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

# GERÐU STUTTAN STANZ

ókeypis ástanzskoðun

## Í MARZ



### Í mars er ókeypis ástandsskoðun á bremsum í boði viðurkenndra þjónustuaðila Toyota.

Auk þess þjódum við **20% afslátt\*** af bremsuklossum, bremsuborðum og bremsudiskum og gefum kost á laufletttri vaxtalausri greiðsludreifingu.\*\*

Gerðu stuttan stans hjá næsta viðurkennda þjónustuaðila Toyota ogaktu óhikað inn í vorið.

### Engin vandamál - bara lausnir.

Toyota Kaupúni	Kaupúni 6	Garðabæ	570 5070
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri	460 4300
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	Selfossi	480 8000
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 17	Reykjanesbæ	420 6610
Arctic Trucks	Kletthálsi 3	Reykjavík	540 4900
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík	440 8000
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Skemmuvegi 16	Kópavogi	440 8000
Bifreiðaverkstæðið Ásinn	Kalmansvöllum 3	Akranesi	431 5050
Bílatangi	Suðurgötu 9	Ísafirði	456 4580
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki	455 4570
Bílaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	Húsavík	464 1888
Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	Egilsstöðum	470 5070
Bílageirinn	Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421 6901

\*Miðast við að ísetning fari fram hjá viðkomandi viðurkennda þjónustuaðila Toyota.

\*\*Ef þú greiðir með greiðslukorti áttu kost á að dreifa greiðslum í þrjá mánuði, vaxtalaus frá og með 2. maí með 3,5% þjónustugjaldi. Þrjár mismunandi hámarksupphæðir.

Kynntu þér betur þjónustu okkar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

Pantaðu tíma í dag.  
Það er einfalt og fjótlegt.



Efling-stéttafélag  
Verkalýðsfélagið Hlíf  
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis



## Nýr kjarasamningur á almennum vinnumarkaði – Póstatkvæðagreiðsla er hafin um sáttatilögu ríkissáttasemjara

Hafin er sameiginleg póstatkvæðagreiðsla um nýjan kjarasamning Eflingar-stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlíf og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis við Samtök atvinnulífsins fyrir störf á almennum vinnumarkaði.

Atkvæðisrétt eiga allir félagsmenn í ofangreindum félögum sem vinna eftir þessum samningi og greiddu félagsgjöld til einhvers þessara félaga í okt/nóv. sl.

Kjörgögn og kynningarefni hefur verið sent út samkvæmt kjörskrá.

Fái einhver sem telur sig eiga atkvæðisrétt ekki send kjörgögn, getur viðkomandi snúið sér til skrifstofu síns stéttarfélags og fengið sig færðan á kjörskrá og greitt atkvæði, enda leggi viðkomandi fram launaseðil sem sanni afdregin félagsgjöld í okt/nóv. 2013.

Tekið er við kjörskrárkerum samkvæmt framansögðu til kl. 12.00 föstudaginn 7. mars en þá lýkur atkvæðagreiðslu um samninginn.

**Athugið.** Til þess að tryggt sé að atkvæðið berist kjörstjórn fyrir lok tímafrests þá er nauðsynlegt að **póstleggja svarumslagið í síðasta lagi fimmtudaginn 6. mars.** En þeir sem það vilja geta skilað svarumslaginu á skrifstofu félaganna til kl. 12.00 föstudaginn 7. mars en þá lýkur atkvæða greiðslu um samninginn.

Reykjavík, 27. febrúar 2014.

Kjörstjórn  
Flóabandalagsins

Ábendingahnappinn má  
finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



SAFT



# Fólk segist sitja uppi með búseturréttinn

Hópur fólks á Suðurnesjum og í Hveragerði undirbýr þessa dagana málshöfðun á hendur húsnæðissamvinnufélaginu Búmönnum. Markaðsverð á búseturétti er afar misjafnt eftir sveitarfélögum. Búmenn eiga á sjötta hundrað íbúðir víða um land.

**DÓMSMÁL** Hópur fólks undirbýr málshöfðun á hendur húsnæðissamvinnufélaginu Búmönnum og vill fá búseturétt sinn endurgreiddan. Um er að ræða hóp fólks frá Suðurnesjum og Hveragerði.



HJÖRDÍS BIRNA  
HJARTARDÓTTIR

Húsnæðissamvinnufélagið Búmenn var stofnað 1998. Samkvæmt upphaflegum samþykktum félagsins áttu félagsmenn sem keyptu búseturétt að eiga þess kost að segja upp búseturéttarsamningi með sex mánaða fyrirvara og losna á þann hátt undan samningi og fá greitt til baka það gjald sem þeir lögðu í búseturréttinn.

Búmenn ákváðu að afnema kaupskyldu félagsins árið 2007 og félagsmenn segja að frá þeim tíma hafi búseturttur verið óuppsegjanlegur með öllu. Margir félagar í Búmönnum telja að breytingarnar hafi verið illa kynntar og séu í andstöðu við lög.

„Félagið telur sér óskýlt að endurgreiða félagsmönnum búseturétt þeirra. Þess í stað er það sett á herðar félagsmanna að selja búseturréttinn á frjálsum markaði,“ segir Hjördís Birna Hjartardóttir, annar af tveimur lögmonnum hópsins. Hún segir að takist fólk ekki að selja búseturréttinn á frjálsum markaði sitji það uppi með búseturréttinn. Margir hafi lent illa í því á landsbyggðinni þar sem lítil sem engin hreyfing er á húsnæðismarkaði. Því sjái fólk ekki annan kost í stöðunni en fara í mál.

Daníel Rúnarsson, framkvæmdastjóri Búmanna, segir að þegar kaupskyldan var afnumin 2007 hafi það verið gert að kröfu



ÍBÚÐIR Búmenn hafa byggt 540 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

## HÉLT AÐ ÉG VÆRI EIN Í HEIMINUM



„Í upphafi hélt ég, að ég væri sú eina sem væri óánægð með samskipti mín við Búmenn en nú veit ég að við erum miklu fleiri,“ segir Erna Guðmundsdóttir í Hveragerði. Hún keypti búseturétt 2008 og greiddi 4,5 milljónir fyrir.

„Árið 2010 var ég orðin ósátt við Búmenn af ýmsum orsökum. Ég hafði samband við félagsmálaráðuneytið og spurði hvort það gæti verið að ég gæti ekki sagt samningnum við Búmenn upp. Ég fékk óformlegt svar um að ég ætti að geta sagt upp,“ segir Erna.

Hún sendi Búmönnum skriflega uppsögn á samningnum en ekki var tekið mark á uppsögninni. „Mér var sagt að ég gæti selt búseturréttinn á frjálsum markaði í gegnum Búmenn. En áður en það mætti verða átti ég að greiða þeim 40 þúsund krónur.“ Erna ákváð að hætta að greiða mánaðargjald af íbúðinni 2011 og fékk í kjölfarið innheimtubréf. Síðan hefur ekki gerst. „Ég var að vona að þeir myndu rifta samningnum við mig en það hafa þeir ekki gert,“ segir Erna og bætir við að hún sjái ekki aðra leið en fara í mál félagið.

## Á SJÖTTA HUNDRAD ÍBÚÐIR

Húsnæðissamvinnufélagið Búmenn var stofnað með það að markmiði að byggja og reka búseturttaríbúðir fyrir félagsmenn sína. Félagssvæðið nær til landsins alls og hefur félagið lokið byggingum rúmlega 500 íbúða í 13 sveitarfélögum víðsvegar um land. Félagið er opið öllum, bæði einstaklingum og samtökum. Sérstakt félagsnúmer veitir félagsmanni, sem náð hefur 50 ára aldri, rétt til kaupa á búmannabúð án tillits til núverandi búsetu. (Af heimasíðu Búmanna.)

félagsmanna sem áttu búseturétt í félaginu. Á þeim tíma hafi verið íbúðarhúsnæðis hækkad meira en vístala neysluverðs og fólk hafi verið ósátt við að fá eingöngu verðbætur ofan á upphaflegt kaupverð búseturttarins. Breytingin hafi verið í samræmi við lög og samþykktirnar sendar félags-

málaráðuneytinu og ráðuneytið hafi samþykkt breytingarnar.

„Markaðsverð á búseturrétti er mjög misjafnt eftir sveitarfélögum og jafnvel hverjum. Hátt verð á búseturrétti gerir það oft að verkum að enginn sýnir áhuga á viðkomandi íbúð,“ segir Daníel.

Johanna@frettabladid.is

Ný lög um stjórn fiskveiða eru í smíðum:

## Óljóst um tekjur af nýju lagafrumvarpi

**SJÁVARÚTVEGUR** Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra segist vonast til að leggja fram á næstu vikum frumvarp til laga um stjórnun fiskveiða sem tæki gildi í haust. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að leggja sérstakan skatt á hagnað sjávarútvegsfyrirtækja.



SIGURÐUR INGI  
JÓHANNSSON

Sigurður Ingi var tekinn tali í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni í gær þar sem hann sagði óljóst hvort tekjur ríkissjóðs myndu aukast eða minnka með nýja frumvarpinu. „Þetta er svona á hröðum endaspretti og við erum að leggja loka hönd á þetta. Ég vænti því að við getum komið þessu inn í þing sem fyrst,“ sagði ráðherra og kvad inni á þingi tekið á málinu í heild sinni, en ekki einungis veiðigjöldum.

Gildandi lög um stjórn fiskveiða falla úr gildi 1. september næstkomandi. Gert er ráð fyrir talsverðum breytingum í frumvarpi ráðherra og verður meðal annars lagður sérstakur skattur á hagnað sjávarútvegsfyrirtækja. „Ef það gengur mjög vel þá munu þau fyrirtæki sem skila miklum hagnaði skila hluta af honum til



AFLI Ráðherra segir stefnt að víðtækri sátt um stjórn fiskveiða. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ríkisins,“ sagði ráðherra. Mikið samráð hafi verið haft við helstu hagsmunadila í sjávarútvegi. „Ég ætla að leggja mikið á mig til að ná fram sem víðtækastri sátt. Það þýðir auðvitað að það verði ekkert allir ánægðir.“

Ríkissjóður fær um 10 milljarða árlega í tekjur af sérstöku veiðileyfagjaldi. Sigurður Ingi segir ekki ljóst hvort tekjur ríkissjóðs muni lækka með nýju frumvarpi. „Ef allt gengur vel og við fáum hæstu verð sem þekkjast á mörkuðunum þá mun leigugjaldið og sérstaki skatturinn skila umtalsverðum tekjum til þjóðarinnar. Ef það gerist ekki þá er mjög ósanngjarn að gera fyrirtæki gjaldþrota og í raun heimskulegt.“ -söj

# BOLLUTILBOÐ

**50% AFSLÁTTUR  
AF FISKIBOLLUM  
AÐEINS KR/KG**

**845**

ÁÐUR 1.690


**ÝSUHAKK 1.490 KR/KG**

**HAFBERG**  
fiskbúð sælkerans  
Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686

OPIÐ MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA KL. 9 - 18.15 • LAUGARDAGA 11-16



Tengdu punktana:



## Vandræðalaus viðskipti

Mynta er nútímalegt innheimtakerfi fyrir fyrirtækið þitt. Mynta býður kröfuhöfum upp á fruminnheimtu, milliinnheimtu, löginnheimtu og kröfuvakt. Öll umsjón með þinni innheimtu er á einum stað og allt ferlið er fyrirtækinu þínu að kostnaðarlausu!

**Við viljum að þín viðskipti verði vandræðalaus.**

[www.mynta.is](http://www.mynta.is)  
Sími 569 2000

**mynta**  
Innheimtulausn fyrir  
framsækin fyrirtæki



## Átak gegn glæpamönnum: Gert að greiða 100 milljarða

**SVÍPJÓÐ** Frá því að samvinna sænskra stofnana gegn skipulagðri glæpastarfsemi var aukin fyrir sex árum hefur glæpamönnum verið gert að greiða um 5,6 milljarða sænskra króna (nærri 100 milljarða króna). Skatturinn hefur þó ekki allur verið greiddur.

Við húsleit í íbúð í Malmö í fyrra fann lögreglan jafnvirði 50 milljóna íslenskra króna í seðlum á salerni. Peningarnir tilheyruðu fíkniefnasala sem hefur verið dæmdur í fimm ára fangelsi. - ibs

## Endurnýjun Hverfisgötunnar var fagnað með pomp og prakt um helgina: Líkt og pönkari kominn í dragt

**BORGARMÁL** Endurnýjun stórs hluta Hverfisgötunnar var fagnað á laugardaginn með skruðgöngu og ræðuhöldum. Framkvæmdir hafa staðið yfir undanfarna mánuði við að fegra götuna og bæta aðgengi.

Jón Gnarr borgarstjóri ávarpaði gesti við opnunina og þakkaði meðal annars verslunarmönnum við götuna fyrir biðlundina meðan á framkvæmdum stóð. Hann sagði endurnýjun Hverfisgötunnar ánægjulega og að mörgu leyti mætti líkja götunni við pönkara sem nú væri kom-

inn í dragt. Fornbilar óku um götuna í tilefni dagsins og Bíó Paradís bauð upp á ókeypis Reykjavíkurborgarmyndahátíð.

Í tilkynningu frá Reykjavíkurborg er athygli vakin á þeim aðgerðum sem stefna að því að bæta aðgengi fatlaðra við götuna en Arnar Helgi Lárusson, formaður Samtaka endurhæfðra mænuskaddaðra, sagði í viðtali við DV nýverið að framkvæmdirnar væru „út í hött“ og að Hverfisgatan væri „ekki hjólastólavæn að neinu leyti“. - b4



**ÁFANGANUM FAGNAÐ** Lúðrablastur og skemmtikraftar settu svip á götuna. MYND/REYKJAVÍKURBORG

## Íslandstengdir fuglar á ferð: Mávar fjúka til Bretlandseyja

**BRETLAND** Vestrænn bjartmávar hefur sést við Bretland, skammt frá Littlehampton. Hann er undirtegun bjartmávs sem líka er afar sjaldgæfur á þessum slóðum.

Vindar sem leikið hafa Breta grátt að undanfögnu eru taldir ástæða þess að fuglarnir sjást þar nú. Á ensku nefnast mávarnir Icelandic Gull og Kumlien's Gull.

Bjartmávar hefur hér vetursetu en hinn heldur sig að jafnaði í grennd við Kanada. - glp



**BORGHARTSTJÓRNARSALURINN** Öruggur og upplýstur salur, segja sjálfstæðismenn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tillaga sjálfstæðismanna:

## Fornritin í sal borgarstjórnar

**REYKJAVÍKURBORG** Fornrit Íslandinga gætu orðið til sýnis í fundarsal borgarstjórnar Reykjavíkur í sumar nái tillaga sjálfstæðismanna fram að ganga.

„Fyrirsjáanlega er enn langt í að varanleg sýningarastaða verði byggð yfir fornitin. Fjölmargir, bæði erlendir ferðamenn og Íslendingar, hafa bent á að merkasti fjársjóður í eigu þjóðarinnar er hvergi sýnilegur,“ segir í tillögu sjálfstæðismanna sem minna á að Reykjavík er bókmenntaborg UNESCO. Þeir vilja að borgin bjóði borgarstjórnarsalinn endurgjaldslaut undir sumarsýningu á handritunum þá mánuði sem borgarstjórnarfundur falla niður. - gar

# Rússneski herinn herðir óðum tókin á Krímskaga

Forsætisráðherra bráðabirgðastjórnar Úkraínu segir aðgerðir Rússa á Krímskaga jafngilda stríðsfirlýsingu. Bandaríkin hóta því að Rússland verði rekið úr G8-klúbbnum. Rússar halda samt áfram að hreiðra um sig í Úkraínu.

**ÚKRAÍNA** Rússneskt herlið hóf um helgina að hreiðra um sig á Krímskaga, en Úkraínustjórn svarar með því að kalla út allt varalið úkraínska hersins og búa sig undir stríð við Rússa.

„Þetta er ekki hótun, þetta er í raun stríðsfirlýsing gegn landinu mínu,“ sagði Arsení Jatsenjúk, forsætisráðherra í bráðabirgðastjórn Úkraínu, um aðgerðir Rússa. „Það var engin ástæða fyrir Rússa að ráðast á Úkraínu.“

Hann sagðist treysta því að Vesturlönd og alþjóðasamfélagið allt muni nú standa vörð um Úkraínu.

Olexander Túrtsjínov, forseti bráðabirgðastjórnarinnar, sagði Rússa hins vegar fyrst og fremst vera að reyna að vekja ótta og óðagot: „Markmiðið er að stöðva efnahag Úkraínu og koma á öngþveiti,“ sagði Túrtsjínov.

Vladímír Pútín Rússlandsforseti hefur fengið heimild frá rússneska þinginu til að senda herlið til Úkraínu.

Bækistöðvar rússneska Svarta-

hafsflotans eru á Krímskaga. Meirihluti íbúa Krímskaga er auk þess rússneskumælandi. Pútín heldur því fram að Rússar hafi því fullan rétt til að verja hagsmuni sína á Krímskaga. Þeir hafa þegar náð tveimur flugvöllum á Krímskaga á sitt vald, ásamt þinghúsinu í Simferopol, sem er höfuðborg Krímhéraðs.

Vesturlönd hafa brugðist ókvæða við þessum aðgerðum Rússa.

„Það sem Rússar eru að gera núna í Úkraínu ógnar bæði friði og öryggi í Evrópu,“ sagði Anders Fogh Rasmussen, hinn danski framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins.

Efnt var til neyðarfundar Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um helgina þar sem rætt var um ástandið í Úkraínu.

John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjamanna, varaði Rússa í gær við því að þeir eigi á hættu að verða vísað úr G8-klúbbnum, samráðsvettvangi átta helstu efnahagsstórvelda heims. G8-rikin eru Bandaríkin, Bretland,



**Í KÆNUGARÐI** Að þessu sinni beinast mótmælin gegn Rússum. NORDICPHOTOS/AFP

Frakkland, Ítalía, Japan, Kanada, Rússland og Þýskaland.

„Þetta snýst ekki um austurvestur, Bandaríkin og Evrópu á móti Rússlandi. Þetta snýst um baráttu úkraínsku þjóðarinnar gegn harðstjórn,“ skrifaði Kerry á Twitter-síðu sína.

Kerry segir jafnframt að vel

komi til greina að einangra Rússa í alþjóðaviðskiptum og jafnvel samþykkja refsiaðgerðir á borð við eignafyrstingu.

Bráðabirgðastjórnin í Úkraínu tók við völdum í síðustu viku eftir að Viktor Janúkovítsj forseti hrökklaðist frá völdum. Hann er nú í útleð í Rússlandi. gudsteinn@frettabladid.is

# Menntadagur atvinnulífsins 2014

Mánudaginn 3. mars á Hilton Reykjavík Nordica kl. 13.00-16.30

## DAGSKRÁ

- 12.30 Fræðslusjóðir og fræðsluaðilar kynna sig á menntatorgi.
- 13.00 Setning. *Margrét Kristmannsdóttir*, varaformaður Samtaka atvinnulífsins.
- 13.10 Svo lengi lærir sem lifir. *Dr. Andreas Schleicher*, yfirmaður menntamála hjá Efnahags- og framfarastofnuninni OECD.
- 13.40 Frá handahófskenndri fræðslu til faglegrar fræðslustefnu. *Ásberg Jónsson*, framkvæmdastjóri Nordic Visitor.
- 14.05 Samspil fyrirtækja og menntakerfis. *Aðalheiður Héðinsdóttir*, framkvæmdastjóri Kaffitárs. Kaffi og með því. Fræðslusjóðir og fræðsluaðilar kynna sig á menntatorgi.
- 15.00 Mikilvægi iðn- og tæknimenntunar. *Bolli Árnason*, framkvæmdastjóri Meitils og GT Tækni.
- 15.25 Hvað vill unga fólk og hvers vegna? Niðurstöður nýrrar rannsóknar meðal framhaldsskólanema. *Dr. Inga Dóra Sigfúsdóttir*.
- 16.00 Menntaverðlaun atvinnulífsins 2014. *Ragnheiður Elín Árnadóttir*, iðnaðar- og viðskiptaráðherra afhendir verðlaunin.
- 16.30 Ráðstefnulok.

Ráðstefnustjóri er Eggert B. Guðmundsson, forstjóri N1.

Allir velkomnir – ekkert þátttökugjald





**HAFRÓ** Rannsóknaskipið Bjarni Sæmundsson tekur þátt í vorralinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Fjögur skip taka þátt í ár:

## Prítugasta vor- rall Hafró hafið

**SJÁVARÚTVEGUR** Vorrall Hafrannsóknastofnunar hófst fyrir helgi og stendur næstu fjórar vikur. Helstu markmið eru að fylgjast með breytingum á stofnstærðum, aldurssamsetningu, fæðu, ástandi og útbreiðslu helstu fisktegunda við landið, og hitastigi sjávar.

Fjögur skip taka þátt; togararnir Ljósafell SU og Jón Vídalín VE og rannsóknaskipin Árni Friðriks-son og Bjarni Sæmundsson. -hg

## Heiðraður af ráðherra í gær: Íslandsmethafi í blóðgjöfum

**FÉLAGSMÁL** Guðbjörn Magnússon var heiðraður af heilbrigðisráðherra í gær en hann hefur gefið blóð oft en nokkur annar Íslendingur, alls 175 sinnum.

Í tilkynningu heilbrigðisráðuneytisins segir að Guðbjörn hafi hlotið viðurkenningarskjal fyrir ómetanlegt framlag í þágu íslenskrar heilbrigðisþjónustu. Guðbjörn tók við skjalinu af heilbrigðisráðherra og formanni Blóðgjafafélags Íslands.

Einnig kemur fram að lauslega reiknað megi gera ráð fyrir að Guðbjörn hafi samtals gefið þyngd sína í blóði í gegnum árin. -bá



**GUÐBJÖRN  
MAGNÚSSON**


## LÖGREGLUMÁL

### Fullir til trafala

Að sögn lögreglu á höfuðborgarsvæðinu var á aðfaranótt sunnudags nokkur erill vegna ónæðis frá ölvuðu fólki. Handtaka þurfti drukkinn manni sem sætti sig ekki við veisluleysi í efri byggðum borgarinnar þar sem hvorki húsráðandi né barn hans könnuðust við manninn. Þá var lögreglu tilkynnt um innbrot í sumar-bústað, en húsráðandi var sofandi þar inni þegar þjófarnir komu inn.

### Hugað að bifreiðum

Um helgina var líka nokkuð um að lögregla á höfuðborgarsvæðinu þyrfti að taka skráningarmerki af bifreiðum vegna þess að þær væru óskoðaðar eða ótryggðar. „Prátt fyrir að góður frestur sé gefinn til að ganga frá þeim málum er alltaf nokkuð um að fólk geri það ekki,“ segir í tilkynningu lögreglu.



**MOTTU  
MARS**

Krabbameinsfélagið

Svaraðu þreystikallinu &  
**TAKTU ÞÁTT**

— SKRÁÐU ÞIG —

**MOTTUMARS.IS**

— EÐA GEFÐU 1000 KRÓNUR —

**908 1001**

Stjórnvöld segja árásmennina tíu vera aðskilnaðarsinna úr vestasta hluta landsins:

# Þrjátíu og þrír látnir eftir hnífaárás í Kína

**KÍNA, AP** Stjórnvöld í Kína segja árás þar sem 29 voru drepnir og 143 slasaðir í lestarstöð í suðurhluta Kína á aðfaranótt sunnudags vera verk aðskilnaðarsinna úr vestasta hluta landsins.

Fjórir árásmennanna féllu fyrir kúlum lögreglumanna og einn náðist, að sögn kínversku ríkisfréttastofunnar. Árásmennirnir, sem voru svartklæddir, voru hins vegar tíu talsins og er því fimm enn leitað. Hópurinn kom inn á lestarstöðina og réðst að því er virðist að tilefnis-

lausu á alla sem á vegi þeirra urðu.

Kínverska sjónvarpsstöðin CCTV segir tvær konur hafa verið í hópi árásmennanna, önnur sé í haldi lögreglu, en hin hafi látið lífið. Vegna þess hve árásin var skipulögð gera kínversk lögregluvirkir ráð fyrir að um hryðjuverk hafi verið að ræða. Fjölmiðlar í Kína segja árásina vera „kínverskan ellefta september“.

Fólkið er talið vera frá Uighura en héraðið hefur lengi barist fyrir sjálfstæði frá Kína. -óká



**EFTIR ÓDÆÐIÐ** Lögreglumenn tala saman við lestarstöðina í Kunming þar sem safnað hefur verið þeim farangri fórnarlamba sem ekki hefur enn verið vitjað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**7 ára ábyrgð** á öllum nýjum Kia bílum.

www.kia.com

# Glæsilegur Kia Rio

- rúmgóður og einstaklega sparneytinn



**RIO**



The Power to Surprise

## Eyðir aðeins frá 3,6 lítrum á hundraðið

Nútímataekni og hönnun hefur ekki einungis skilað mögnuðum gæðabíl, heldur er hann **einn sparneytnasti fjöldaframleiddi dísilbíl í heimi**. Magn CO<sub>2</sub> í útblæstri er **einnig mjög lítið** svo hann fær **frítt í stæði í Reykjavík** í 90 mínútur í senn. Að sjálfsögðu er 7 ára ábyrgð á nýjum Kia Rio, svo hún **gildir til ársins 2021**.

**Fjölbreytt fjármögnun í boði:** Bílasamningar til allt að sjö ára og vaxtalaus lán til þriggja ára fyrir allt að 40% af kaupverði. Komdu við í sýningarsal Öskju að Krókhálsi 11 eða hjá umboðsmönnum okkar og kynntu þér þennan einstaklega sparneytna bíl.

**Eigum bíla til afgreiðslu strax! Komdu og reynsluaktu.**

Verð frá **2.590.777 kr.** Rio 1,1 dísil

Aðeins **24.980 kr.** á mánuði í 84 mánuði\*



\*M.v. 1.129.000 kr. útborgun eða uppítkubill að sambærilegu verðmæti og bílasamning ERGO í 84 mánuði. 9,55% óverðtryggðir vextir. Árlig hlutfallstala kostnaðar 11,5%.



Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is  
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.



# Epila



MacBook Air  
**Verð frá: 169.990.-**



Allt að  
12klst  
Rafhúðuvending



MacBook Pro  
**Verð frá: 199.990.-**



# fjör

alla daga hjá okkur  
lækkuð verð



iPad

**Verð frá: 49.990.-**

Smáralind  
Opið 11-22 | Þorláksmessa 11-23 | Aðfangadagur 11-13

**epli.is**

Laugavegi 182  
Fim-fös 10-18 | Lau 10-22 | Sun 11-16  
Þorláksmessa 10-21 | Aðfangadagur 10-12





Almenningur vill að staðið verði við loforðin:

## Skýr krafa um þjóðaratkvæði

Engum sem var staddur á átta þúsund manna mótmælafundi á Austurvelli á laugardaginn gat dulizt hvílfur hugur var í fólkinu sem þar var saman komið eða hversu mikill þungi er í kröfunni um að ríkisstjórnin dragi til baka tillögu sína um að slíta aðildarviðræðunum við Evrópusambandið og efni í staðinn til þjóðaratkvæðagreiðslu.



Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Sá þungi kemur líka fram í því að nú hafa hátt í 44 þúsund manns, yfir átján prósent kjósenda, léð sömu kröfu undirskrift sína. Tæplega 82% kjósenda sögðust í skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 vilja þjóðaratkvæðagreiðslu um málið.

Stjórnarflokkarnir komast einfaldlega ekki frá þeim loforðum sem þeir gáfu fyrir kosningar og voru hugsuð til að fæla ekki frá flokkunum kjósendur sem vildu klára aðildarviðræðurnar. Þeir eiga engan annan kost en að halda atkvæðagreiðslu um það hvort vilji er til að slíta aðildarviðræðunum eða ljúka þeim.

Það er dálítið merkilegt að jafnvel stjórnarþingmenn sem eru komnir að þeirri niðurstöðu að það verði að hlusta á fólkið og leita að sátt, eins og til dæmis Karl Garðarsson og Elín Hirst, eru ennþá fastir í rökvillu Bjarna Benediktssonar um „ómöguleikann“; að það sé ekki hægt að ætlast til þess af þessari ríkisstjórn að hún klári aðildarsamning við ESB.

Ef stjórnarmálmönnum er alvara þegar þeir tala um að það eigi að setja fleiri stór mál í þjóðaratkvæðagreiðslu, geta þeir ekki látið svona. Þegar Illugi Gunnarsson, núverandi menntamálaráðherra, ítrekaði loforðið um þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald viðræðna fyrir kosningar, bætti hann við: „Ef það er þannig að þjóðin segi já við því þá eru allir menn og allir flokkar bundnir af þeirri niðurstöðu.“ Það er rétt – þannig verður það að sjálfsögðu að vera.

Ef ríkisstjórnin treystir sér engu að síður ekki til að framkvæma þjóðarviljann, verður hún að fara frá og boða til kosninga. Í þeim kosningum er sennilegt að flokkakerfið tæki talsverðum breytingum, þannig að kostur væri á að mynda stjórn sem væri reiðubúin að ljúka aðildarviðræðunum.

Viðbrögð almennings sýna að stjórnarflokkarnir hafa ekkert umboð til að svíkja kosningaloforð sín. Og raunar hefur stjórnarandstaðan heldur ekkert umboð til að semja um einhverjar málamiðlanir á borð við þá sem felst í tillögu Vinstri grænna um að setja aðildarviðræður á ís út kjörtímabilið. Kosningaloforðið fól í sér málamiðlun og væri fráleitt að ætla að búa til einhverja málamiðlun við þá málamiðlun.

Stjórnarflokkarnir geta ekki heldur bjargað sér út úr málinu með hugmynd Gunnars Braga Sveinssonar, Illuga Gunnarssonar og fleiri, að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild að Evrópusambandinu. Það er einfaldlega svo fátíðlegt að kjósa um aðild að ESB án aðildarsamnings, að almenningur mun aldrei láta þjóða sér það.

Í vörn stjórnarflokka heyrir að fyrri stjórnir hafi oft skellt skollaeyrum við kröfum um þjóðaratkvæðagreiðslur, til dæmis um Icesave, umsókn um aðild að ESB, kvótann og hitt og þetta fleira. Það er rétt. En það hefur aldrei áður gerzt í íslenskri pólitík að tveir flokkar lofi fyrir kosningar að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um stórt mál, fari svo saman í stjórn og hafi þannig enga afsökun fyrir að svíkja loforðið.

Þetta er einfalt: Þau lofuðu þessu, þau verða að standa við það.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



**Komdu á útivistarkynningu**  
mánudaginn, 3. mars kl. 20.00  
há Bændaferðum í Síðumúla 2, 2. hæð.  
**Allir hjartanlega velkomnir!**

Bókaðu núna á [baendaferdir.is](http://baendaferdir.is)

Sími 570 2790 | [bokun@baendaferdir.is](mailto:bokun@baendaferdir.is) | Síðumúla 2, 108 RVK



### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Frekjuþingapólitík

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrverandi varaformaður Sjálfstæðisflokksins og yfirlýstur stuðningsmaður aðildar Íslands að Evrópusambandinu, talaði nokkuð tæpitungulaust um stöðu flokks síns í þættinum Sunnudagsmorgni á RÚV í gær. Hún sagðist skynja að fólk vildi ekki að harðlínunum yfirtækju flokkinn eða að svartstakkar ættu meira í honum en aðrir flokksmenn. Þorgerður sagðist trúa því að forysta flokksins myndi bregðast rétt við þeim hörðu viðbrögðum sem tillaga framsóknarmanna um að draga aðildarumsókn til baka án þjóðaratkvæðagreiðslu hefði vakið. Þorgerður



#### Samráð við hagsmunaaðila

Sigurður Ingi Jónhannsson sjávarútvegs- og landbúnaðaráðherra hefur boðað nýtt frumvarp á næstu vikum um stjórnun fiskveiða þar sem sérstakur skattur



taldi að hluta af fylgistapi Sjálfstæðisflokksins mætti rekja til þess að frjálshlynda fólkið væri að yfirgefa flokkinn vegna afstöðu þessara harðlínumanna og sagði að fólk vildi ekki lengur þessa frekjuþingapólitík. Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, var einmitt að velta fyrir sér ástæðu fylgishruns Sjálfstæðisflokksins á dögunum, sér í lagi meðal ungs fólks. Það skyldi þó ekki vera að Þorgerður hafi svarað þessum vangaveltum hans rétt í gær?

verður lagður á hagnað sjávarútvegsfyrirtækja. Málaflokkurinn hefur verið deiluforni milli flokka síðan elstu menn muna en ráðherrann hefur sagst hafa haft samráð við hagsmunaaðila og vonast eftir viðtækri sátt. Ráðherrann hefur áður sýnt að hann getur verið maður satta, eins og sást á dögunum í þinginu í tengslum við náttúruverndarlögin. Vonandi tekst honum hið sama í þessu máli. Nýskipaður starfshópur hans um tollamál, þar sem enginn fulltrúi neytda á sæti, en fulltrúar Mjólkur-samtölnnar, Kaupfélags Skagfirðinga og Bændasamtakanna meðal annarra fengu þó sín sæti, gefur ekki tilefni til mikillar bjartsýni í sjávarútvegs málinum.

fanne@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Juba

#### FLÓTTAMENN



Sigríður Víðis Jónsdóttir  
upplýsingafulltrúi UNICEF á Íslandi

Nóttin var dimm og ég bylti mér í tjaldinu, dýnulaus á grjótharðri mold. Tunglið vakti yfir mér þar sem ég lá innan girðingarinnar í miðstöð Sameinuðu þjóðanna í Juba í Suður-Súdan. Hafði fengið að tjalda þar á ferðalagi um svæðið sem blaðamaður eftir að friðarsamningarnir voru undirritaðir.

Nú árum síðar: Mér berast stöðuskýrslur frá Suður-Súdan. Fólk streymir að miðstöðinni og tjöld spretta upp. Nú vinn ég hjá UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, og þar á bæ hringja allar viðvörunarþjöllur. Fleiri en 400.000 börn hafa flúið eftir að stríðsátök brutust út.

Örvæntingarfull börn og fjölskyldur leita öryggis innan veggja miðstöðvar Sameinuðu þjóðanna. Nema að núna er ekki eitt tjald í garðinum heldur hafast meira en 20.000 manns þar við. Ég skil ekki hvernig fólkið kemst fyrir.

Fyrst fer ég að grenja. Síðan fæ ég sent kort að utan sem sýnir viðbrögð UNICEF. Við sjáum um hreint vatn fyrir flóttafólkið, bæði í þessari miðstöð og öðrum úti um landið. Höfum með stuðningi heimsforeldra UNICEF m.a. komið upp hreinlætisadstöðu og veitt lífsnauðsynlegar bólusetningar gegn farsóttum.

Og nú er verið að færa girðingarnar til og stækka svæðið. Það er gott að vita að verið sé að hjálpa.

#### Flóttamannabúðir í Grindavík

Mánuði síðar: UNICEF á Íslandi stendur fyrir átaki til að vekja athygli á ömurlegum aðstæðum flóttabarna víða um heim – barna eins og þeirra sem nú hafast við í tjöldum í Suður-Súdan. Hugmyndin er að spegla aðstæður þeirra hingað heim og gefa fólki færi á að styðja baráttu UNICEF fyrir börn á flótta.

Íslenska auglýsingastofan og True North hafa gefið UNICEF auglýsingu sem sýnir börn hér á landi á flótta. Til að skapa réttar aðstæður settu sjálfboðaliðar flóttamannabúðir upp við Grindavík. Börnin gátu farið heim að sofa eftir tókurnar. Sem betur fer. Þurftu ekki að liggja berskjölduð í þunnum tjöldum í næturmyrkrinu, háð utanaðkomandi aðstöð.

Það skiptir ekki máli hvort um er að ræða börn hér á landi, í Suður-Súdan, Sýrlandi eða annars staðar. Börn á flótta þurfa öryggi og skjól, rétt eins og öll önnur börn. Sameiginlegt verkefni okkar er að gæta þeirra – og það er sannarlega hægt að hjálpa.



# Hans ómöguleiki

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
ríthöfundur

Ómöguleiki = að vilja ekki standa við orð sín.

Þar til fyrir skemmstu vissum við ekki að þetta orð væri til í málinu: „ómöguleiki“. Við höldum að í íslensku væri bara til orðið orðið „möguleiki“; fallett orð og hlaðið jákvæðni, vísar á framtíðina og framtak okkar, vísar til alls þess sem er gerlegt, vísar á lausnir. Orðið „möguleiki“ opnar hugsunina og veruleikann. Það vísar okkur á víðátturnar – og eitt af því sem vekur með okkur ættjarðarást er rýmiskennð okkar; tilfinningin fyrir víðáttunum hér í öllu þessu flæmi innan um þetta fáa fólk.

Land möguleikanna varð á einni svipstundu land ómöguleikans. Og samt eru hér óþrjótandi möguleikar – málin eru svo fjarri því að vera útrædd. „Ísland, þú ert sem órættur draumur“, sagði Hannes Hafstein í ljóðinu Landsýn – og reyndar skrifaði hann móður sinni líka: „Ég skal aldrei leggja minn skerf til að ala upp í Íslendingum þjóðernishrokann, montið yfir forfeðrunum og einangrunarheimskuna.“

## Möguleikarnir

Órættur draumur. Land möguleikanna. Og möguleikarnir felast í tilfinningu fyrir ósnortinni náttúru, hreinleika, víðáttu. Olnbogaráymi. Möguleikarnir felast í því að nýta gjafir landsins á hugkvæman og fallegan hátt; þeir felast í því að virkja mannauðinn í landinu, vit, þekkingu, menntun, hátækni og lágtækni en ekki fleiri skurðgröfur. Þeir felast í því að skapa víða um land góð samfélög þar sem lýðræði er haft í heiðri og fólk kemst að sameiginlegri niðurstöðu um æskilega skipan og kýs fulltrúa sína til að framfylgja þeim ákvörðunum.

Meðal þess sem staðið hefur mannlífi fyrir þrifum víða um land er hvernig auður hefur safnast á fáar hendur svo að heilu byggðarlöggin eiga allt sitt undir dyntum einstakra manna, sem líta á þau nánast sem furstadæmi sín og íbúana sem nokkurs konar þegna. Fjármagnsskortur hefur valdið erfiðleikum við að byggja innviði samfélaga: sómasamlega heilbrigðisþjónustu þar sem konur fá til dæmis að fæða börn sín í heimabyggð, sorphirðu og lágmarks mengunarvarnir, fjölbreytt atvinnulíf.

Um þetta stendur baráttan meðal annars. Að fá bolmagn og olnbogaráymi til að láta órættu drauma rætast. Aðild að Evrópusambandinu opnar hinum dreifðu byggðum leið að alls konar sjóðum, vissulega, en ekki bara það, heldur líka leið að nýjum hugsunarsætti, þankagangi, fagmennsku, vinnubrögðum og samskiptum við stærra svæði en áður. Styrkir Evrópusambandsins til að skjóta fleiri stöðum undir atvinnulíf í byggðum sem standa höllum fæti gera það að verkum að heimamenn víða um héruð eru ekki jafn upp á velvild útgerðarmannsins komnir og nú

Pað er óskemmtilegt hlutskipti fyrir ungan og vaskan stjórnálamann eins og Bjarni Benediktsson virðist hafa alla burði til að geta orðið, að vera maðurinn sem innleiddi orðið „ómöguleiki“ í íslenska stjórnálaumræðu. Þetta er hans „maybe I should have“, og mun fylgja honum, nema hann taki nú á honum stóra sínum.

er: það er hugsanlega hægt að fara að stað með einhvern smáðnað án þess að þurfa að rella í útgerðarmanninum að fjárfesta í því, og þurfa svo að kjósa, sitja og standa, eins og hann segir manni það sem eftir er.

## Ómöguleikarnir

Eða kannski er þetta allt tómur ómöguleiki og kannski er Ísland ekki lengur órættur draumur. Kannski er langt síðan við hrukkum upp með andfélum. Við skulum vona ekki: þetta er eiginlega það fallegasta í íslensku hugsun: að koma á einhvern stað og fara óðara að sjá fyrir sér alla möguleikana – þúsund hugmyndir hrannast upp, hver annarri vitlausari jafnvel eða snjallari, og svo er bara að láta hendur standa fram úr ermum, fylla þannig daga sína af þarfri athöfn, láta drauma rætast. Þessi sérstaka íslenska tilfinning fyrir rými sem vaknar af víðáttunni – þessi tröllatru á að manni sé allt fært, sýni maður útsjónarsemi. Land möguleikanna.

Pað er óskemmtilegt hlutskipti fyrir ungan og vaskan stjórnálamann eins og Bjarni Benediktsson virðist hafa alla burði til að geta orðið, að vera maðurinn sem innleiddi orðið „ómöguleiki“ í íslenska stjórnálaumræðu. Þetta er hans „maybe I should have“, og mun fylgja honum, nema hann taki nú á honum stóra sínum og hætti að leggja eyrun við hvísli foringja læmingjadeildar Sjálfstæðisflokksins.

Þessi ríkisstjórn ber þess merki að þar situr ungt og óreynt fólk og leggur eyrun við ráðum vondra ráðgjafa. Vanþekking er ekki endilega slæm, stafi hún einvörðungu af skorti á upplýsingum; verra er þegar hún er iðkuð og ræktuð af staðfestu.

Margir brostu að því þegar Gunnari Braga utanríkisráðherra varð fótaskortur á tungunni í umræðum á alþingi við að reyna að bera fram nafnið á fyrrum sovétlýðveldi í Mið-Asíu, Kasakstan, og bætti svo um betur með því að tauta eitthvað um að þau væru öll eins, þessi rússnesku nöfn.

Öllum getur orðið á, og kannski var gert alltof mikið úr þessu. Eiginlega er hitt öllu ískyggilegri tilhugsun: þegar Gunnar Bragi verður farinn að tala af innsæi og innlifun um Rússland og rússnesk málefni – orðinn fullnuma hjá hinni nýju helstu vinabjód Íslendinga.

Pað er órætt martröð.

# Bændur vildu síma 1905, „þeir vildu gemsann“

Aftur og aftur hendir það hálærða menn að fara með sömu lygatugguna um að bændur hafi riðið til Reykjavíkur 1905 til að mótmæla símanum, já símanum. Hið sanna er að þeir vildu loftskeytasamand við Ísland í stað ritsímasambands um sæstreng. Gemsinn er nú nefndur til gamans sem skilgetið afkvæmi þess þráðlausa. En um ritsímann og sæstrenginn og hins vegar loftskeytasambandið stóðu pólitískar deilur og snerust þær um hvort ekki bæri fremur að fara í þráðlaust samband eða loftskeytasamband.

Fyrir þessum pólitísku hreyfingum fóru tveir af glæsilegustu mönnum Íslandssögunnar, annars vegar Hannes Hafstein, ráðherra og skáld. Hann var sæstrengsmaður. Hins vegar Einar Benediktsson, skáld og athafnamaður. Hann vildi loftskeytasamband og var sjálfur með umboð og einkaleyfi Marconifélagsins á Norðurlöndunum.

## Um hvað var deilt 1905?

Nú hendir þetta slys Bolla Héðinson, ágætan mann, að tengja síma-deiluna 1905 inn í þá umræðu að núverandi ríkisstjórn hefur ákveðið að koma hreint fram við Brussel og draga aðlögunina að ESB til baka og fylgja þar með eftir hálfnuð verki fyrri ríkisstjórnar sem hafði lagt viðræðurnar í frost af því að þær voru að stranda á stóru málunum um landbúnað og sjávarútveg, ekki síst landhelginni. Spyrjið bara þá Steingrím J. Sigfússon og Ögmund Jónasson um staðreyndir málsins.

Bolli verður að lesa betur heima, hann getur farið í bæði ævisögu Einars Benediktssonar eftir Guð-

## FJARSKIPTI

Guðni Ágústsson  
fv. ráðherra

þann „stjórnarfarslega voða, sem sjálfstjórn hinnar íslensku þjóðar stafar af því, að forsætisráðherra Dana undirskrif skipunarbréf Íslandsráðherra“. Í öðru lagi skorar „Bændafundurinn á Alþingi mjög alvarlega að hafna algerlega ritsímasamningi þeim, er ráðherra Íslands gerði sl. haust við stóra norræna símafélagið. Jafnframt skorar fundurinn á þing og stjórn að sinna tilboðum loftskeytafélaga um loftskeytasamband milli Íslands og útlanda og innan lands eða fresta málinu að öðrum kosti“.

## Hverjir voru í liði bændna?

Þessir bændur voru ekki að mótmæla síma, þeir voru að mæla með nýjustu tækni og töluðu fyrir loftskeytasambandi við útlönd. Í hópi þessara bændna voru fyrirliðarnir ekki neindir afturhaldsmenn, þar fór sjálfur Einar Benediktsson, skáld og sýslumaður Rangæinga fyrir liði. Nú spyr ég þig Bolli og alla þá sem þekkja sögu Einars Benediktssonar en hann stóð að þessari hópreið: Hver trúir þeirri vitleysu að hann, framsæknasti Íslendingurinn í upphafi síðustu aldar, heimsborgari og mestur framfaramaður landsins, hafi barist gegn símanum, ég spyr?

Einar var langt á undan samtímanum, búinn að hanna rafvæðingu landsins fyrir fyrri heimsstyrjöld,

→ Bændurnir 1905 voru í sömu hugleiðingum og fólk sem nú stendur á Austurvelli. Þeir komu til að mótmæla stjórnvöldum.

sá alls staðar tækifæri, vildi selja norðurljósin sem gert er nú eitt hundrað árum síðar. Hver trúir að hann hafi barist gegn símasambandi eða samskiptum við umheiminn? En Einar var á heimavelli hvar sem hann kom á mannfagnaði erlendis, viðskiftajöfur Íslands. Það voru heldur engir aukvisar í hans liði. Þar má nefna þá Björn Jónsson, síðar ráðherra, Valtý Guðmundsson, alþingismaður og ritstjóra, og Eyjólf Guðmundsson, landshöfðingja í Hvammi, Gest Einarsson á Hæli, Þorstein Thorarensen á Móeðarhvoli og séra Jens Pálsson í Görðum.

## Frumburður landsins

Að lokum þakkaði Guðmundur Finnbogason, mestur menntamaður þá, bændum skörungsskapinn að sýna, að þeir vildu ekki selja frumburðarrétt sinn eins og Esau forðum. Bændurnir 1905 voru í sömu hugleiðingum og fólk sem nú stendur á Austurvelli. Þeir komu til að mótmæla stjórnvöldum. Deilan nú snýst kannski enn frekar um frumburðarrétt okkar og landsins. Og hverjir ráða lífi og lögum, auðlindum og ákvörðunum Íslendinga í framtíðinni. En í þeim efnum voru þeir samherjar, Hannes Hafstein og Einar Benediktsson. Þeir vildu frelsi landsins, fjárfestingu og framfarir. Eins og ég trúir reyndar að allir Íslendingar vilji hvar sem þeir standa í Evrópusambandsmálinu. Bændurnir 1905 voru á undan í hugsuninni en ekki afturhaldsmenn.

**DAGSKRÁ**

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2013 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs.
3. Kynning á fjárfestingarstefnu Almenna lífeyrissjóðsins.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags.
7. Ákvörðun um laun stjórnar.
8. Önnur mál.

**ÁRSFUNDUR 2014**

## Ársfundur Almenna lífeyrissjóðsins

árið 2014 verður haldinn þriðjudaginn 18. mars 2014 í Þingsal 2 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura kl. 17:15.

Vakin er athygli á því að framboðum til stjórnar (aðalmenn) skal skila viku fyrir ársfund sjóðsins. Framboðsfrestur til stjórnar rennur út þann 11. mars 2014 kl. 24:00. Hægt er að senda inn framboð á netfangið almenni@almenni.is.

Nánari upplýsingar um ársfundinn og breytingar á samþykktum eru á heimasíðu sjóðsins, [www.almenni.is](http://www.almenni.is) en ársfundurinn verður einnig sýndur beint heimasíðunni.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins



Vissir þú að...



börn eiga rétt á vernd gegn klám.



# Vel þarf að gæta búans

Eftir því sem leið á árið 2013 kom betur og betur í ljós að talsvert meiri kraftur var í efnahagsbatanum en talið var framan af árinu. Kemur þetta strax fram í meiri hagvexti á fyrrihluta ársins 2013, sem var 2,2% samkvæmt peningamálum Seðlabanka Íslands í nóvember sl. Það er þó ekki síður batnandi ástand á vinnumarkaði sem sendir skýr skilaboð um að batinn sem hófst með við-

## EFNAHAGSMÁL



Steingrímur J. Sigfússon  
alþingismaður

snúningi hagkerfisins undir lok ársins 2010 hélt áfram. Atvinnuleysi var á bilinu 0,5-1 prósentu- stigi minna að meðaltali 2013 en 2012, hlutfall starfandi var um 2 prósentustigum hærra og heildarvinnustundafjöldi er talinn hafa vaxið um ein 5,6%. Allt eru þetta góðar fréttir svo langt sem þær ná.

Seðlabankinn gerir nú í sinni nýjustu spá ráð fyrir að hagvöxtur hafi orðið 3% á árinu 2013,

sem þýðir að hagvöxtur var að meðaltali um 2,4% árin 2011-2013. Það er þó ekki verra ástand en þetta sem fyrrverandi ríkisstjórn skilur eftir sig þrátt fyrir hrun og hörmulegar aðstæður sem hún kom að á öndverðu ári 2009.

## Áætlunin studdi við hagvöxt

Þetta er ágætt að hafa í huga þegar hlýtt er á núverandi vald- hafa sem tala eins og það sé fyrst nú og þeim einum að þakka að hér séu hlutir að þokast til betri vegar. Enginn vafi er á að

fjárfestingaráætlun fyrri ríkisstjórnar sem sett var af stað á árinu 2012 á sinn þátt í því að meiri þróttur var í hagkerfinu á árinu 2013 en ella hefði orðið. Þessu gleyma stjórnarliðar í barnalegum tilburðum sínum til að finna verkum fyrri ríkisstjórnar allt til foráttu.

Að sama skapi eru það mikil mistök hjá núverandi ríkisstjórn að leggja ekki áfram rækt við og hlúa að þeim greinum íslensks atvinnulífs sem eiga góða vaxtar- og þróunarmöguleika. Í ár verður meira en helmingi minni

→ **Halli upp á eitthvað í nágrenni við 20 milljarða að meðtöldu framlaginu til Íbúðalánasjóðs, ef það verður niðurstaðan, mun staðfesta að ríkisfjármálin voru að komast fyrir vind í lok síðasta kjörtímabils.**

fjármunum varið í uppbyggingu innviða ferðabjónustunnar en var árið 2013. Minna fé verður veitt til rannsóknar- og þróunarstarfsemi og til stuðnings skapandi greinum. Sóknaráætlunum landshlutanna var því sem næst slátrað, menningarsamningar skertir um 10% og veruleg skerðing verður á því fjármagni sem Vegagerðin hefur úr að spila svo aðeins nokkur dæmi séu nefnd. Núverandi ríkisstjórn dregur því úr hvetjandi stuðningi við nýsköpun og uppbyggingu í atvinnulífinu milli ára og áherslur hennar í efnahags- og ríkisfjármálum hafa í heild fremur kælandi áhrif á hagkerfið en hitt. Þetta er áhyggjuefni, veldur vonandi ekki teljandi bakslagi en mun leiða til þróttminni framvindu en ella hefði orðið.

## Ríkisfjármálin voru á réttri leið

Þegar þetta er ritað liggja enn ekki fyrir fyrstu tölur um endanlega afkomu ríkissjóðs á árinu 2013. En, þegar virðist ljóst að sú dökka mynd sem forkólfar ríkisstjórnarflokkanna reyndu að blása upp með sérstöku úthlaupi í sumarbyrjun, ræstist sem betur fer ekki. Vissulega verður halli á rekstri ríkissjóðs talsvert umfram það sem fjárlög gerðu upphaflega ráð fyrir, en á því ber núverandi ríkisstjórn sína ábyrgð að hluta með því að falla frá tekjuöflun sem fjárlög gerðu ráð fyrir svo milljörðum nemur. Einnig verður það væntanlega niðurstaðan, því miður, að framlag til Íbúðalánasjóðs upp á 4,5 milljarða króna verður gjaldfært eða afskrifað og kemur því fram sem aukinn halli. Engu að síður mun niðurstaðan fela í sér umtalsverðan afkomubata milli ára. Halli upp á eitthvað í nágrenni við 20 milljarða að meðtöldu framlaginu til Íbúðalánasjóðs, ef það verður niðurstaðan, mun staðfesta að ríkisfjármálin voru að komast fyrir vind í lok síðasta kjörtímabils. Gleymum því ekki að við löggum af stað í ferðalagið eftir hrun með halla af stærðargráðunni 170-280 milljarða króna á núgildandi verðlagi (árin 2009 og 2008).

Vonandi reiðir okkur vel af á yfirstandandi ári þannig að markmið um hallalausan ríkisbúskap náist. Það er þó blíkur á lofti og margt bendir til að ákveðinn hallarekstur færast úr bókhaldi ríkissjóðs sjálfs yfir í skuldaförðun einstakra stofnana svo sem framhaldsskóla. Einnig er áhyggjuefni að tekjugrunnur ríkissjóðs er nokkru veikari en á fyrra ári og loks munar um minna en ákveðna óvissu um eitt stykki bankaskatt upp á 38,5 milljarða króna. Því þarf að gæta búans vel.



## SPRENGIDAGSSALTKJÖT



Fyrsta flokks hráefni er grunnurinn að góðri máltíð. Goða saltkjöt er sérvælið og framleitt af sannkölluðum fagmönnum.

**Borðuðu vel á sprengidaginn!**



-alltaf góður

**GEFÐU  
HÆNU**

gjofsemgefur.is  
907 2003

Hjálparstarf  
kirkjunnar



# INTSP í stað náttúrupassa!

Frumvarp um náttúrupassa verður að öllum líkindum lagt fram á vörþingi sem nú er hafið. Innheimta er áætluð á árinu 2015 en framkvæmdin öll virðist vera í lausu lofti. Oft höfum við orðið vitni að misvirlegum laga- og reglugerðarsetningum stjórnvalda síðustu ár. Nægir að benda á lög og reglugerðir um fjárfestingabankastarfémi sem allir landsmenn vita hvernig endaði. Kostnaðarsöm eftirlitsstofnun mátti sín lítils þrátt fyrir góðan vilja í því máli. Lög voru gölluð og eftirlitið eftir því á brauðfötum.

Í þessu náttúrupassamáli, á upplýsinga- og tölvuöld, þarf að hugsa út fyrir boxið. Í fyrirsögn greinarnar er minnst á INTSP. INTSP stendur fyrir Iceland natur, tourist and safety pass. Þennan passa munu allir erlendir ferðamenn, sem heimsækja Ísland, sækja um á netinu. Framkvæmdin er einföld og þekkja flestir Íslendingar, sem til Bandaríkjanna hafa komið, hvernig það ferli er byggt upp (ESTA – Electronic System for Travel Authorization). Upplýsingarnar, sem geta með auðveldum hætti verið breytilegar (rafrænt), munu færa ferðabjónustunni í landinu mikilvægar upplýsingar og verður auðvelt að nálgast viðkomandi ferðamenn með ýmsar þær kannanir sem gerðar eru hér á landi í gegnum þennan miðil. Rafrænt er hægt að sjá hvenær sem er hvort viðkomandi hafi slíkan passa eða ekki. Passinn verður tengdur rafrænt viðkomandi vegabréfi. Viðurlög eiga að sjálfsögðu að vera fjárhagslega íþyngjandi og koma skýrt fram í umsóknarferlinu. Yfir háannatíma ferðabjónustunnar í landinu er auðvelt og ekki kostnaðarsamt að aðilar á vegum stjórnvalda sækja helstu ferðamannastaði landsins heim og taki stikkprufur á dreifingu INTSP-passans.

## Einföld aðgerð

En af hverju INTSP í stað náttúrupassa? Jú, fyrst og fremst vegna þess að þetta er einföld aðgerð. Hún er auðveld í eftirliti og mun skila verulegum fjárhæðum strax. Einnig má benda á það að slík rafræn innheimta snertir hvorki né íþyngir fyrirtækjum sem starfa við ferðamennsku hér á landi.

## AF NETINU

### Moskvuvaldið



Pútín vill fá að ráða því hvernig stjórnarfar er í ríkjum Rússland. Hann kærir sig ekki um að hafa vestrænt lýðræði og ráðamenn sem vilja færa nær Evrópu á áhrifasvæði sínu. Menn eins og Janúkovits, sem nú hefur verið settur af í Úkraínu, eru honum að skapi, spilltir og lítilþægir [...] Á þessum tíma er algjörlega fráleitt að Íslendingar, sem eru vestræn lýðræðisþjóð, færi sig nær Rússum.

<http://eyjan.pressan.is/silfuregils>  
Egill Helgason

### Lítið fyrir fólkið



Ríkisstjórnin getur hugsanlega samið við stjórnarandstöðuna eða hluta hennar um tillögu Vinstri grænna um aðildarviðræður á Ís. Kann að leiða til aukins friðar innandyrna í Alþingishúsinu. Gerir hins vegar lítið fyrir fólkið úti á Austurvelli, fólkið í skoðanakönnunum, fólkið í áskorunum á netinu. Það vill fá að greiða atkvæði um framhald viðræðna hér og nú.

<http://www.jonas.is/>  
Jónas Kristjánsson

## FERÐA-ÞJÓNUSTA



Hans Kristjánsson  
ferðamálafræðingur

Hugmynd INTSP gerir einnig ráð fyrir umbun fyrir útköll björgunarsveita landsins og Landhelgisgæslunnar. Passinn verður þannig hluti af öryggisþætti ferðamála í landinu. Hingað sóttu landið, á síðasta ári, um 1.100.000 erlendir gestir. Það gefur með 80% nýtingu og 3.000 króna gjaldi rúma 2,5 milljarða (2.640.000.000) á einu ári. Þessari fjárhæð er hægt að skipta upp t.d. þannig

að 20% (528.000.000) fari í framkvæmd passans og umsýslu honum tengda, 10% (264.000.000) fari í rannsóknir á ferðabjónustunni í landinu, 10% (264.000.000) fari til björgunarsveitanna og Landhelgisgæslunnar eftir ákveðnu kerfi er tengist útköllum og 60% (1.584.000.000) til ferðamannastaða eftir sjósreglum þar um.

Það er ekki spurning að hugmyndir stjórnvalda um náttúrupassa eru á villigötum. Rafræn innheimta eins og hér hefur verið lýst í grófum dráttum er framtíðin. Við þurfum ekki að finna upp

hjólið (ESTA). Kjörnir fulltrúar á þingi í ríkri samvinnu við ferðabjónustuna í landinu þurfa að gyrða sig í brók og hrinda slíku þjóðþrifamáli í framkvæmd strax. Ytum náttúrupassahugmyndinni, eins hún liggur fyrir þinginu í dag, út af borðinu. Innleiðum frekar INTSP, rafrænan passa með mikla möguleika til góðra verka fyrir ferðabjónustuna í landinu. Passa sem mun færa fjölmörgum ferðamannastöðum möguleika á öflugri uppbyggingu og styrkja öryggisþætti tengda ferðamennsku hér á landi svo um munar.

→ INTSP stendur fyrir Iceland natur, tourist and safety pass. Þennan passa munu allir erlendir ferðamenn, sem heimsækja Ísland, sækja um á netinu. Framkvæmdin er einföld og þekkja flestir Íslendingar, sem til Bandaríkjanna hafa komið, hvernig það ferli er byggt upp (ESTA – Electronic System for Travel Authorization).



## Saltkjöt frá Íslandslambi

### Skert innihald salts

# 45%

### minna salt - sama bragð

### njóttu þess...



### Sérverkað saltkjöt

Hóflæg saltneysla er mikilvæg fyrir alla og sér í lagi þá sem af einhverjum orsökum þurfa að passa uppá saltneyslu.

Sérverkað saltkjöt frá Íslandslambi er með 45% minna salti án þess að það komi niður á bragðgæðum

Fæst í verslunum **BONUS** **HAGKAUP**



# BUGL og Barnavernd: sitthvor hliðin á sama peningnum

Málefni barna sem eru með einum eða öðrum hætti að stofna heilsu sinni og þroska í hættu hefur verið til umfjöllunar í fjölmiðlum að undanförunu. Þar hafa ýmsir aðilar stigið fram og bent á að skipulagsskortur á þessu sviði skaðar börn og fjölskyldur þeirra. Hvað þarf til að hlusta sé á fagfólk og tekið mið af sérfræðipækingu þess við skipulag þjónustu?

## SAMFÉLAG



Sveinsdís Anna Jóhannsdóttir félagsráðgjafi

tök á að veita til verndar andlegu, líkamlegu og félagslegu heilbrigði. Í lögum er þess jafnframt getið að heilsugæslan skuli að öllu jöfnu vera fyrsti viðkomustaður sjúklinga. Rannsóknir benda til þess að um 35-45% þeirra sem leita til heilsugæslunnar séu með heilsufarsvanda af sálfélaglegum toga. Jafnframt sýnir

reynslan að þeir sem illa eru staddir félags- og fjárhagslega glíma einnig oft við heilsufarslegan vanda. Skýra stefnu skortir hins vegar um hvernig heilsugæslan tekur á móti, greinir og meðhöndlar umkvartanir af andlegum og félagslegum toga hvort sem um er að ræða börn eða fulloröna. Þeir sem mest þurfa á samfelldri, markvissri og fjölbreyttri þjónustu að halda lenda oft á milli kerfa, s.s. hópar er falla undir sér lög um aldraða, fatlaða, félagsþjónustu sveitarfélaga og barnavernd.

## Pverfagleg fjölskylduþjónusta

Við höfum dæmi þess hér á landi þar sem vel hefur tekist til í heilsugæslunni. Á heilsugæslunni á Akureyri hefur verið rekin pverfagleg fjölskylduþjónusta í tæp 30 ár og hlotið m.a. viðurkenningu WHO fyrir sitt vinnulag. Nýleg rannsókn undirritaðrar sýnir að marktækur munur er á upplifun foreldra sem búa annars vegar á Akureyri og hins vegar í Hafnarfirði með tilliti til sálfélaglegrar þjónustu. Akureyri kemur mun betur út í öllum mælingum og einn skýringarþátturinn er betra skipulag nærþjónustunnar, betra aðgengi að fjöl-

→ Engin einstök forvörn er jafn öflug og stuðningur við foreldra og stjúppforeldra þegar þeirra nýtur og þar er heilsugæslan í lykilhlutverki.

skylduþjónustu innan heilsugæslu og markvissar verið unnið að auknu samstarfi allra þjónustustofnana sem koma að málefnum barna og fjölskyldna. Annað dæmi er Heilsugæsla Grafarvogs en bæði innlendir og erlendir sérfræðingar hafa til margra ára mælt með að komið verði á laggirnar pverfaglegum meðferðarteymum barna á fleiri heilsugæslustöðvum á landsvisu. Talið er að 12-15% barna og unglinga glími við vægar geðraskanir og um 2-5% við alvarlega hegðunar- eða geðröskun.

Árið 2013 var hins vegar talið að þjónusta sem hentar þessum hópi næði aðeins til um 1% barna og unglinga sem þýðir að enn eigum við langt í land.

Engin einstök forvörn er jafn öflug og stuðningur við foreldra og stjúppforeldra þegar þeirra nýtur og þar er heilsugæslan í lykilhlutverki. Með stuðningi við foreldra- og stjúppforeldra þegar þeirra nýtur og þar er heilsugæslan í lykilhlutverki. Með stuðningi við foreldra- og stjúppforeldra þegar þeirra nýtur og þar er heilsugæslan í lykilhlutverki. Með stuðningi við foreldra- og stjúppforeldra þegar þeirra nýtur og þar er heilsugæslan í lykilhlutverki.

# Að gera skyldu mína

Ég lærði í skátunum að lofa að gera skyldu mína við ættjörðina. Í gegnum tíðina hef ég ekki mikið verið að velta fyrir mér hvað þetta þýddi en með aldrinum hefur þetta loforð æftar skotið upp í kollinn á mér. Að lofa að gera skyldu mína þýðir þá væntanlega að við höfum ákveðnar skyldur við ættjörðina eða kannski bara samfélagið.

## SAMFÉLAG



Eydís Lindal Finnbogadóttir stjórnsýslufræðingur

→ En hvernig eigum við að halda úti félagsstarfi sem hluta af okkar samfélagi ef við ætlum okkur aðeins að vera þiggjendur? Er kannski kominn tími til að við veltum líka fyrir okkur skyldum okkar við samfélagið?

lagið? Að við gefum kost á okkur þegar til okkar er leitað og lítum á það sem samfélagsþjónustu okkar vera þátttakendur.

Það er nefnilega þannig að kannski þarf ekki allt bara að vera svo æðislega skemmtilegt, kannski þurfum við að vera þátttakendur til að gera verkefni skemmtileg. Kannski ættum við ekki bara að vera upptekin við að taka þátt í íþróttastarfinu á æfingum eða fylgja börnum okkar eftir. Kannski ættum við ekki bara að sitja og agnúst út í þá sem gáfu kost á sér í ráð, nefndir og stjórnir heldur vera þátttakendur. Kannski er kominn tími til að við veltum fyrir okkur að segja já næst þegar leitað er til okkar um þátttöku í stjórn íþróttafélagsins, nefnd hjá skólanum eða að vera á lista hjá stjórnmalaflokknum. Eða, kannski ættum við að vera svo djörf að bjóðast til að vera í stjórninni að fyrra bragði. Kannski verður samfélagið okkar allt aðeins virkara ef við hjálpumst öll að við að gera skyldu okkar.

Með hækkanði sól hellast inn á dagatöl okkar fundarboð vegna aðalfunda hinna ýmsu félaga. Konur og menn sitja sveitt við að leita að nýju fólki í stjórnir, nefndir og ráð pólitískra flokka, íþróttafélaga, skóla, ungmennahreyfinga og líknarfélaga svo fátt eitt sé nefnt.

Að leita að fólki til þátttöku í stjórnun er hins vegar oft eitt erfiðasta verkefni félaga enda slík störf oftast unnin í sjálfboðavinnu. Svo virðist nefnilega að allir séu svo uppteknir. Svör eins og „Guð! ég má ekki vera að því,“ „Ég hef ekki áhuga“ eða bara „Æ nei, ég held að það sé nú ekki skemmtilegt“ berast um stafræna samskiptakerfið okkar.

## Skyldur við samfélagið

Vissulega kann svo að vera að fólk sé bundið um tíma vegna anna s.s. vegna barna, náms eða veikinda. En hvernig eigum við að halda úti félagsstarfi sem hluta af okkar samfélagi ef við ætlum okkur aðeins að vera þiggjendur? Er kannski kominn tími til að við veltum líka fyrir okkur skyldum okkar við samfé-

## BOLLUDAGUR

# 2 FYRIR 1

KAUPIR 1 KG  
FÆRÐ 2 KG

FISKFARS

FISKHAKK FERSKT  
MED LAUK

FISKHAKK FERSKT  
ÁN LAUKS

FISKIBOLLUR

TILBOÐ GILDIR AÐEINS Í DAG

NÝ VERSLUN AÐ HÖFÐABAKKI 1 VERIÐ VELKOMIN

Fiskikóngurinn  
www.fiskikongurinn.is

Höfðabakka 1  
Sogavegi 3

Finndu Fiskikónginn á






# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## HÚSRÁÐ

Stundum vilja hringar skilja eftir leiðinlegan gráan eða grænan lit á fingrunum. Til að koma í veg fyrir slíkt er gott að naglalakka innan í hringinn með glæru naglalakki.



**BASE** byð the

Fylgihlutir á baðhebergið

**JARN&GLER**



Skútuvegur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarngler.is



**2  
FYRIR  
1**

af lambaborgara með bernaïse-sósu og frönskum gegn framvísun þessa miða. Aðeins 1.490 kr.

Gildir til 15.4.2014. Texasborgarar.is s: 517-3130

## RAMMÍSLENSKUR LAMBABORGARI

**TEXASBORGARAR KYNNA** Lambaborgari með bernaïse-sósu verður í heiðursseti á Texasborgurum við Grandagarð fram á sumar.

Íslenska lambið fær heiðursset á Texasborgurum næstu vikur og mánuði, enda vorið á næsta leiti og ferðamenn sólnir í þetta úrvalskjöt af íslenskum heiðum, eins og Íslendingar sjálfir. „Þar sem lambaborgari og bernaïse-sósa koma saman sérðu rammíslenskan skyndibita,“ segir Guðni Ágústsson í útvarps- og sjónvarpsauglýsingum fyrir lambaborgarann og mælist vel eins og oft áður.

Lambaborgararnir kosta aðeins 1.490 kr. Þeir eru stórir, 140 g, bornir fram í brauði með hamburgara- og kryddsósu Texasborgara, jöklasalati, tómötum og rauðlauk. Meðlætið er franskar og ekta heimalöguð bernaïse-sósa.

„Í Texas hafa þeir nautið en lambið er auðvitað langbesta kjöt sem við getum fengið á Íslandi,“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Lambið hentar einstaklega vel í hamburgara, eins

og allir vita sem hafa smakkað. Við notum úrvals lambahakk og búum til borgara úr því án nokkurra aukefna. Þetta er því eins hreint og heilnæmt gæðahræfni og hægt er að hugsa sér. Við vorum með svipað átak í fyrra og þá seldust álika margir lambaborgarar og nautaborgarar hjá okkur. Með þessu framtaki vil ég því líka stuðla að því að lambið verði notað meira í skyndibita en gert hefur verið fram að þessu. Það þarf bara að bjóða upp á það og benda fólki á þennan frábæra mat. Möguleikarnir eru óþrjótandi.“

Á vefsíðunni texasborgarar.is og á Facebook er meðal annars að finna matseðilinn og nýjustu tilboðin á Texasborgurum.

### GUÐNI ÁGÚSTSSON SEGIR:

„Þar sem lambaborgari og bernaïse-sósa koma saman sérðu rammíslenskan skyndibita.“

MYND/GVA



## TUDOR RAFGEYMAR



Hvalvatn 2013

Er bíllinn viðbúinn kuldanum í vetur?

**TUDOR** **SKORRI** SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Bildshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skarri.is

NÚ LEGGJUM VIÐ SPILIN Á BORDIÐ

# Drottningar dagar

Lækkum verðið á QUEEN SIZE dýnum í takmörkuðu magni í nokkra daga  
Stærðir 153 x 203 cm

**KOMDU OG GERÐU ÆVINTÝRALEGA GÓÐ KAUP!**

QUEEN  
SIZE



SVEFN-  
SÓFI

Svefsófi -  
Verð áður kr. 79.900.-  
Verð nú aðeins kr.  
**59.900**  
Litir: Svart

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

\*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum



# FEMINISTI Á RAUÐUM SOKKUM

**JAFNRÉTTI** Garðar Gíslason segist vera femínisti og rauðsokka enda hefur hann gengið um í rauðum sokkum í 20 ár.

**G**arðar Gíslason, félagsfræðikennari í MK, hefur gengið í rauðum sokkum í tuttugu ár og segist hann vera rauðsokka. „Þetta byrjaði allt út frá því að ég var að kenna nemendum mínum um viðmið og frávik. Til þess að skilja þetta betur benti ég þeim á að prófa að brjóta einhverjar óskráðar reglur og þau vildu þá að ég gerði það líka. Ég tók þau á orðinu, fann rauða skíðasokka inni í skáp og mætti í þeim í skólann daginn eftir. Viðbrögðin á kennarastofunni voru svakaleg frá karlkyns samkennum. Þeir trúðu ekki að karlmaður væri kominn í rauða sokka og sögðu að ég mætti þetta ekki, það væru bara rauðsokkur í rauðum sokkum,“ segir Garðar. Verandi félagsfræðingur fannst Garðari þessi viðbrögð samstarfsmannanna merkileg og ákvað að halda áfram að vera í rauðu sokkunum. „Nú á ég ekkert nema rauða sokka.“

## JAFNRÉTTISVIKA Í MK

Garðar er félagsfræðikennari í Menntaskólanum í Kópavogi. Í dag hefst Jafnréttisvika í skólanum sem hann er upphafsmaður að. „Í Jafnréttisvikunni er boðið upp á fyrir-

lestra og kvikmyndir sem fjalla á einhvern hátt um jafnréttisbaráttu kynjanna. Við höfum fengið jafnréttisverðlaun frá bæði Kópavogsbæ og félagsmálaráðuneytinu fyrir þetta framtak,“ segir Garðar.

## ÞARF AÐ HRISTA UPPI KRÖKKUM

Hann hefur það á tilfinningunni að Jafnréttisvikan hafi áhrif á nemendur. „Það er full ástæða til að hafa Jafnréttisviku eins og við erum með vegna þess að það þarf að hrista uppi í krökkum. Það er svo margt að fara úrskaiðis eins og er að gerast með klámvæðinguna og þessi brengluðu viðhorf. Hugmyndir margra um atriði eins og jafnrétti, kynlíf og líkamsvirðingu eru oftast en ekki byggðar á ranghugmyndum sem sumar hverjar eru skaðlegar. Jafnréttisvikan gerir það að verkum að það er talað meira um þessi mál. Þó verða alltaf til raddir sem gaspra á móti jafnréttinu. Ég held að það sé aðallega fólk sem skilur ekki hugtakið femínismi eða út á hvað það gengur.“

## ÞAÐ GERIST EKKERT Í LOGNI

Garðar segist oft eiga í vandræðum með að skilja þá sem berjast gegn

femínisma og jafnrétti og hann fagnar þeim sem segjast vera öfuga-femínistar. „Uppeldi skiptir máli í þessu samhengi. Til eru krakkar með viðhorf sem eru full kvenfyrirlitningar og einhvers staðar hafa þau lært þau. Öfgar þurfa að vera til staðar, það gerist ekkert í logni. Því fleiri sem eru í rauðum sokkum, því betra. Það er ákveðin yfirlýsing.“

## BÖRNIN JAFNRÉTTISSINNUÐ

